







Ársrit Íslenska Alpklúbbsins 2019



Bergur Einarsson hreinsar til og setur upp nýtt akkeri á toppi Lóndranga í ferð Björgunarsveitar Hafnarfjarðar á Snæfellsnesi. *Ljósmynd: Sigurður Ýmir Richter.*

Útgefandi

Íslenski Alpklúbburinn
Pósthólf 1054, 101 Rvk.
Kt. 580675-0509 – info@isalp.is

Stjórn ÍSALP 2019

Jónas G. Sigurðsson, formaður
Sigurður Ýmir Richter, varaformaður
Védís Ólafsdóttir, ritari

Ottó Ingi Þórisson, gjaldkeri
Baldur Þór Davíðsson, meðstjórnandi
Matteo Meucci, meðstjórnandi
Sif Pétursdóttir, meðstjórnandi

Senn rennur fertugasta og þriðja starfsár ÍSALP sitt skeið á enda og viljum við stolt deila með meðlimum sem og öðrum fjallaunnendum tuttugasta og fjórða ársriti félagsins. Í ritinu gefur á að líta hinn ýmsa óskunda sem Íslendingar og aðrir hafa af sér gert um fjöll og firnindi landsins á síðastliðnum árum. Þó árið hafi farið hægt af stað, með örstuttum fimbulskotum í mestmegnis húðarhrakviðris- og hlákutíð, er ekki á annálum annað að sjá en að fáir létu deigan síga og nýttu þann stutta vetur til fulls. Því næst fylgdi eitt það allra besta klettaklifursumar í seinni tíð, svo ef ske kynni að ólánsömum dygði ekki veturinn til verka, stóð þeim hinum sömu til boða ýmsar áskoranir, klædd sumargærum og gúmmítúttum fram eftir löngum sumarkvöldum. Sem og þau nýttu, enda hefur sjaldan verið skráður viðlíka fjöldi nýrra klettaklifurleiða í gagnasafni klifur.is.

Nú mætti ætla að gæfan væri á þrotum og vetur yrði í mýflugumynd. En allt virðist koma fyrir ekki og úti geisar kafaldsbylur meðan lögð er lokahönd á ársrit líðandi árs. Líkt og hefur sjálfsagt alla vetur verið frá stofnun þessa félags (og meðal forvera félagsmanna á fyrri tíðum); á meðan landinn kveinar sáran undan kuldabola og lömuðum samgöngum, hlakkar í meðlimum ÍSALP, bíðandi í ofvæni þess að láta glamra í tönnum undan kulda og streitu, fjötruð fjöllum og fleygum uppi um fennt og frosin firnindi Fróns.

Svo haldið út og njótið vetrarins kæru meðlimir, en náði heilu, höldnu og frásagnarfær heim svo ársritið næsta verði engu síðra.

Fyrir hönd ritstjórnar, *Sigurður Ý. Richter*

Efnisyfirlit

Iceland – First Ascents on the Volcanic Island <i>Albert Leichtfried</i>	bls. 04	Ljósmyndakeppni ÍSALP	bls. 56
Tindfjallaskáli 10 og 78 ára í senn <i>Sveinn F. Sveinsson</i>	bls. 10	Heljaregg í Vesturbrúnum <i>Sveinn F. Sveinsson</i>	bls. 66
Tindaborg <i>Rory Harrison</i>	bls. 12	Klifurævintýri í Písa <i>Elísabet Atladóttir</i>	bls. 70
Hvunn dagsdótaklifrarinn <i>Sigurður Ýmir Richter</i>	bls. 20	Climbing in Iceland <i>Svana Bjarnason</i>	bls. 77
Norðurfjörður <i>Bjarnheiður Kristinsdóttir</i>	bls. 28	Starfsemi ÍSALP 2019	bls. 88
Klifurleiðarvísir að Búahömrum <i>Jónas G. Sigurðsson</i>	bls. 34	Annáll íslenskrar fjallamennsku 2019	bls. 90

Ritnefnd ársrits

Sigurður Ý. Richter
Védís Ólafsdóttir
Egill Örn Sigurpálsson
Jónas G. Sigurðsson

Umbrot/Hönnun

Ingi Kristján Sigurmarsson

Prentun
Prentmet

Forsíðumynd

Martin Voigt

*Gönguskíðaferð í Landmanna-
laugar með HSSK.*

Iceland – First Ascents on the Volcanic Island

Texti: Albert Leichtfried

Myndir: Elias Holzkecht, www.woodslave.com



Benedikt Purner climbs "Sex on the beach" W15+.

Iceland, not only the country of soccer stars, but the country of tranquility, natural beauty, friendly people and last but not least, the famous Icelandic horses – is already worth the travel. For ice climbing, the island is maybe less known. But in case the warm Gulf Stream has a weak winter season, Iceland forms into a paradise for motivated ice climbers. No matter how well you prepare for an ice climbing trip to Iceland, it really does feel like a game of roulette. The location of this volcanic island, just south of the Arctic Circle, would seem to suggest cold winter temperatures. However, the ever-present warm ocean current of the Gulf Stream brings constant warm air masses from the southwest to Iceland and even during the winter season there are regular periods of extremely warm weather, which usually means that all the ice melts within just a few days. This was to be our third attempt to climb ice in Iceland, and we waited for as long as possible to book our flights. As with our last trips there, by the middle of January we were ready to go but the previously optimal winter ice conditions already seemed to have come to an early end. A warm period of just four days, with temperatures of up to 9 degrees plus, did not bode well. I contacted some of my friends in Iceland to get a damage report. Fortunately, we got away with just a black eye – the ice was severely damaged, but there was still plenty available. And there was a promising period of cold weather

forecast for mid-February. So we booked our flights and hoped that we'd bet on the right color.

Our trip started off with the ice climbing festival in Kaldakinn, which we were kindly invited to attend. For this we had to head north around 600 km from Reykjavik to one of the most spectacular ice climbing venues I've ever experienced. Pétur and Björg's farm (<http://www.isalp.is/crag/kaldakinn>) is there, right next to the sea, about 40 km away from civilization. We had a brilliant time in Kaldakinn with the Björg family and about 40 Icelandic ice climbers. Kaldakinn offers a couple of kilometers long cliff along the north shore of Iceland, hosting more than 60 registered 40-200 meters high quality ice routes, with short approach. Ice conditions had been perfect and so we could add some new lines to the amazing place right between the countless existing ice lines. We climbed two interesting clean mixed-lines **X-Files: WI6, M6** and **Have no fear, eat Skyr WI6+, M7-**. Both routes offer an excellent mixture of ice and rock with breathtaking crux moves. Also, we caught the sea cliff at low tide and wasted no time, climbing two new lines right off the beach as the waves came in. We called them „**Sex on the Beach**“ (WI5+) and „**Shooter**“ (WI4+). Climbing above the sea at the seacliff of Kaldakinn is a unique adventure. With the sea nearby, the ice is mostly of perfect softness. To climb this

perfectly shaped ice with the view to the tremendous power of the Arctic Ocean is one of the unforgettable things of my ice climbing career. It seems like time slows to a stop for a certain moment. In this moment someone can feel the incredible power of this place on the very northern end of the island. Waves breaking at the massive lava rock formations, the ice seems to have formed very quickly on this steep cliff. Moving in such an environment seems unreal and mystical. Also our equipment feels strange in this salty and cool sea breeze.

We found it difficult to leave the incredible hospitality and the breathtaking ambience of Kaldakinn after three great days of ice climbing. Our journey continued eastwards, where we checked in with Sævar Guðjónsson – "The King of the Eastern Fjords" – at his beach huts in Mjóeyri, Eskifjörður. As a reindeer hunter, wild life ranger, snow scooter driver, superjeep owner and shark hunter, Sævar knows everything about the East Fjords. He told us about incredible ice formations at some nearby fjords, which are only accessible by boat in wintertime. Unfortunately, the Gulf Stream was already active and an extremely strong rain front destroyed all of the ice on the sea cliffs in the east. After an exploration run, we found out that we had to change plans. At the higher situated regions in Eskifjörður we tried to find a new target. With an altitude of 985 meters above sea level, a peak called



Albert Leichtfried during the first ascent of "Tröll Leikhús" (WI7-), Iceland's hardest iceclimb.



Albert and Benni on the road, somewhere in the north of Iceland.

Iceland – facts:

Name	Grade	Date	Area	First Ascent
Stekkjastaur	WI5/6	13.2.16	Kaldakinn	
X-files	WI6, M6	13.2.16	Kaldakinn	X
Sex on the beach	WI5+	14.2.16	Kaldakinn	X
Shooter	WI4+	15.2.16	Kaldakinn	X
Have no fear, eat Skeyr	WI6+, M7	15.2.16	Kaldakinn	X
Houseline	WI5	17.2.16	Eskifjörður	?
Palli's pillar	WI5	20.2.16	Hof/Bæjargil	
Glymur	WI5	22.2.16	Glymsgil	
Tröll leikhús	WI7-	23.2.16	Austurárdalur	X
Hard five	WI6+, M8	24.2.16	Bolaklettur	X

Hólmatindur was the right choice in this case. Directly from the summit plateau, several ice lines reach down to the Fjörð. We looked for the most obvious line in the middle of the mountain and climbed more than 1000 meters of not always so easy 'alpine' ice. When we reached the summit, we had been covered in incredibly thick fog and strong winds. This made orientation difficult on our way down at the other side of the mountain. We were happy to meet Elias and the car in the middle of nowhere. After the climb on Hólmatindur we had to leave the East earlier than expected. We wanted to look for new routes in the South. Here, too, our hopes of finding ice faded as a band of heavy rain passed through. But as the saying goes "hope dies last", waiting for us in Hof was an incredibly steep ice structure, **Palli's Pillar**. Graded **WI5** for this 40 meters of free standing, vertical and overhanging ice formation showed us one more time the very special way of some locals grading ice in Iceland. On this day

I would have given a 6+ at least for it and I cannot imagine that it would ever form in less than a solid WI6 route. But as always – giving the ice a number should be the least important thing of such an adventure. We searched for some interesting ice formations in the area and we found some amazingly shaped formations by the glacier in Skaftafell. We tried to let our imagination free and played around with some of the shapes of ice until the low rising sun woke us up to return to the car.

Having driven 3,000 kilometers, we arrived back in Reykjavik to spend the rest of our trip there. Weather changed again into a very cold period. The end of the trip was every bit as good as the beginning – an adventure in the 200-meter deep gorge of **Glymur**, where we climbed the rarely existing and also rarely repeated classic line out of this frightening gorge, known as the highest waterfall of Iceland. Because of the extremely high water pressure of this monster waterfall, the ice

formation is completely crazy and during the climb, our clothes froze quickly due to the intense spray from the waterfall in the gorge. All we could do was to climb as fast as we could to avoid freezing into two big icicles. At the very end of our trip we visited two ice climbing spots near the capital Reykjavik. We were in the right place at exactly the right time in Austurárdalur: a 10-year-old ice project of the local climbers had just formed and was in condition for climbing. Motivated by the locals, we climbed "**Tröll leikhús**" (**WI7-**), a constantly changing icefall with extreme water pressure. The timing of the first ascent had to be chosen carefully, because the climbing requires quite gentle technique at the crux, a transition from free-standing columns to an ice roof. To round things off and deeply inspired by the Icelandic grading habits, we made the first ascent of "**Hard five**" (**WI6+, M8**), a bolted mixed route in the new and fashionable area of Bolaklettur – the final act of an intense and impressive trip to Iceland.

Texti og myndir:
Sveinn Friðrik Sveinsson

Tindfjallaskáli 10 og 78 ára í senn



Hermann Sigurðsson og Pálmi Hannesson sleikja sólina við Tindfjallaskála.

Tindfjallaskáli er einn flottasti fjallaskáli landsins, stað-settur í um 800 metra hæð suðvestan við Tindfjallajökul og í eigu Íslenska alpklúbbsins. Til að komast í skálann er ekið er upp frá Fljótshlíð. Tindfjallaskáli er einn fyrsti háfjallaskáli sem byggður var á Íslandi fyrir tæpum átta áratugum. Félagið Fjallamenn sem Guðmundur Einarsson frá Miðdal var í forsvari fyrir byggði skálann og lauk smíði hans 1941. Skálinn var afhentur ÍSALP árið 1979.

Á árunum 2008-2009 var Tindfjallaskáli fluttur til Reykjavíkur og endursmíðaður að öllu leyti í sjálfbodavinnu af félögum í klúbbum. Á síðasta ári átti skálinn því tíu ára uppgerðarafmæli. Skemmst er frá því að segja að hann er í toppstandi og ber ástand hans nú vinnunni við uppgerðina góða sögu.

Síðasta vetur var keypt ný kamína og komið fyrir. Hún er minni en sú gamla, öflugri og þægilegri í notkun. Við sama tækifæri var hún tengd við olíutunnu fyrir utan húsið, svo ekki þarf lengur að bera inn olíu. Í vetur verður síðan settur tankur utan á húsið. Með þeirri aðgerð eru kyndingarmál komin í mjög gott horf. Markmiðið er ekki síst að gera gestum einfalt fyrir varðandi kyndingu, en þessi búnaður er mjög þægilegur í notkun.



Tveir af fjölmörgum skálasmiðum standa á tindi Ýmis, þeir Guttormur Þórarinnsson og Hlynur Skagfjörð Pálsson.

Vart þarf að tíunda möguleikana í kringum skálann en þar er af æði mörgu að taka bæði í klifri, fjallgöngum og skíðamennsku. Allir félagar í ÍSALP ættu að hafa það að markmiði að klífa Einbúa í Tindfjöllum, ganga yfir Tindfjallajökul á Ými og Ýmu og að skíða hinar frábæru skíðabrekkur í nágrenni skálans.

Nú fer skemmtilegasti tími ársins í hönd í Tindfjöllum þó af nógu sé að taka allan ársins hring. Allar upplýsingar um bókanir má finna á isalp.is og facebook síðu skálans.^a

^a www.facebook.com/tindfjallaskali

Texti: Rory Harrison
Myndir: Marek Čavojský

Tindaborg

Við Marek höfum komið á fjallaskíðahéð á Öraefajökli. Hefðin felst í því að sofa í snjóhelli, klifra tind og að skíða niður jökul. Í fyrra stefndum við á Tindaborg, en af ástæðum sem týndust í skýjunum yfir eldfjallinu dögðum við uppi á Efri Dyrhamar og skíðuðum niður Virkisjökul. Í ár stefndum við aftur á Tindaborg. Með frábæra veðurspá, snjólínu við sjávarmál og þunga bakpoka lögðum við af stað upp Sandfellsleið og tókumst á við brekkuna óendanlegu. Eftir dágóða stund vorum við komnir á hrygginn á milli Dyrhamars og Hvannadalshnúks. Við smelltum því í skíðastillingu og renndum okkur í fallegasta jöklalandslagi sem hægt er að finna á Íslandi. Þegar við komum niður að Svínahrygg ákváðum við að þetta væri besta tjaldstæði landsins og hófum að grafa snjóhús.

Eftir nokkra vetur í Sviss er Marek orðinn finasti snjóhúsaarkitekt, -hönnuður og -smiður. Hönnun hans er einskonar samsuða snjóhúss og snjóhellsis, með þaki eins og hefðbundið snjóhús og herbergi eins og í helli. Á þessum tíma var sólinn byrjuð að setjast og hitastigið farið að falla en það að moka snjó er meira en nóg til að hita okkur í 20 stiga frosti. Dauf norðurljós komu og fóru, en það var of kalt að bíða eftir þeim án þess að moka snjó. Við sögðum því „góða nótt“ og fórum að sofa um leið og snjóhúsið var tilbúið.

For the second year running Marek and I embarked on an overnight ski tour on Öraefajökull, sleeping in a snow cave, climbing a peak and skiing down a glacier. Last year we had planned for Tindaborg, but for reasons lost in the clouds over the volcano, we found ourselves atop Dyrhamar and skiing Virkisjökull. This year, we aimed again for the mountain church and with a perfect forecast, a low snowline and heavy backpacks we headed up Sandfell to the endless slope. Some indeterminable time later, we arrived at the ridge between Hvannadalshnjúkur and Dyrhamar, clicked into ski mode and dropped in to the most spectacular of Öraefajökulls aspects and most awe-inspiring glaciated terrain to be found in Iceland. Arriving at the first rocky ridge due west of Hnjúkur (south of Tindaborg), of which I don't know the name, we declared it to be a fine snowcave spot and got to work.

After perfecting his techniques over a few winters in Switzerland, Marek is a master architect, designer and snow cave builder. His design is more like a hybrid snowcave/igloo, with a roof made of blocks but the inside dug out like a cave. By this time, the sun was setting and temperatures dropping, but shoveling snow was more than enough to keep us warm at -20. Faint aurora lit up the sky, but it was too cold to be outside for long without shovelling, so when the cave was ready we got to bed.



Skíðað aftur niður frá hellinum að Svínafellsjökli.

Annar heiðskýr dagur blasti við þegar við vöknudum og við skíðuðum áfram síðasta spölinn að Tindaborg. Þar sem að við vorum þarna í lok mars var IV. gráðu ísinn sem lýst er í gamla leiðarvísinum 60-70° brattur frauðis. Klifrið var mjög auðvelt en erfitt að tryggja. Ég held að leiðarvísirinn sé skrifaður eftir ferð í maí, svo eflaust voru aðstæður eitthvað öðruvísi þá. Ísinn var svo slæmur efst uppi að við völdum að niðurklifra leiðina í stað þess að síga. Þetta var sem betur fer auðvelt í þessum aðstæðum.

Leiðin var ekki ýkja löng og frekar auðklifruð, en eftir rólegan morgun og lítið stress yfir daginn var klukkan orðin 17:00 þegar við komum aftur í snjóhúsið. Við þökkuðum í skyndi, tókum GPS staðsetningu af snjóhúsinu ef við skyldum vilja nota það aftur, og lögðum af stað í sólsetrinu. Snjórinn var frekar „íslenskur“ að skíða, en að vera í þessu ískonungsríki umkringdir af stærstu tindum landsins var og verður alltaf eitthvað til að muna eftir. Ég skíðaði Svínafellsleiðina árið áður í fullkomnu púðri en þykkri þoku. Ég er ekki viss um að það sé möguleiki að ná því besta úr báðum ferðum, það væri sennilega of mikil græðgi fyrir guði Fjallkirkjunnar.

Another cloudless day followed, and we set off on the final few kilometres towards Tindaborg. As we were there early in the year (29/30 March), the grade IV ice that was on the old topo was instead 60-70 degree styrofoam ice – easy to climb but quite difficult to protect. I think the topo was drawn after an ascent in May, so conditions were obviously very different. For lack of good anchors we opted to downclimb the route, which was easy in that condition.

Although the climbing didn't take too long, our (traditional) leisurely morning meant that by the time we arrived back to our camp it was 5pm and the sun's rays were beginning to lose their power. We packed quickly, took a GPS coordinate of the cave in case we were to use it again, and set off into the sunset. The snow was quite “Icelandic” for skiing, but simply to be in this arena with no clouds is sublime. I had skied Svínafellsleið last year in perfect powder but dense whiteout – I'm not sure if the best of both can ever be obtained, perhaps that would be too much greed for the gods of this mountain church.



Fullkominn staður fyrir snjóhelli.



Hressir að drekka te.



Hönnun Mareks, neðri helmingur er snjóhelli og efri helmingur eins og „íglú“.
Ljósmynd: Rory Harrison.



Norðurljós yfir bústaðnum okkar.



Útsýnið að Hrútfjalli frá Hvannadalshrygg.

Eftir smá rölt fram og til baka í sprungnu völuarhúsi Svínafellsjökuls, nokkurra tíma gang eftir skriðunni í myrkri með aðeins eitt höfuðljós og svo eftir kunnuglegum sprungum á sporði Svínafellsjökli, komum við á loks á Hótel Skaftafell. Tímasetningin hefði varla getað betri verið þar sem tími gafst fyrir einn kaldan áður en okkur bauðst far aftur að bílnum.

Ég er ekki viss hvar snjóhúsið verður grafið á næsta ári en það verður erfitt að slá út þessa ferð hvað varðar fegurð, ísmyndanir og fjallasýn. Góðir dagar á góðum fjöllum í góðum félagsskap, skál!

After a bit of back and forth finding the best route onto the glacier, we made it down and could ski a long way down the glacier in the direction of home. Making it onto hard ice just as darkness was arriving, it was then I realised my headtorch was dead from the cold, and we navigated the familiar crevassed section of Svínafellsjökull with one dim headtorch, adding some excitement. Our timing couldn't have been better, as we arrived at Hotel Skaftafell in time for a cold beer and a ride back to our car from some friends.

I am not sure where next years igloo will be, but this trip will be hard to top as a mountain journey anywhere in this fair land. Good days, in good mountains with good friends – what it's all about!



Skíðað aftur að snjóhellinum undir við vesturhlíð Hvannadalshnjúks.



Útsýnið að Hrútfjalli frá Hvannadalshrygg.

Texti: Sigurður Ý. Richter

Hvunndags- dótaklifrarinn

Eftir áratugalangan dvala í skugga sportklifurs á Íslandi finnst mér vera kominn tími á uppreist æru dótaklifurs. Þó sé að vanda átakalaust að forðast mannmergð í Stardal, er ekki hægt að neita því að frá fyrri árum hefur dögnum fjölgað sem stöku sálir sjást á ferli á dótaklifursvæðum landsins. Af þeim sökum þótti mér borðleggjandi að taka saman harðsoðinn lista yfir þær allra bestu dótaleiðir á Íslandi sem enginn byrjandi í dótaklifri ætti að láta framhjá sér fara.



Fjölmenni undir Miðvesturhamri á Stardalsdeginum 2018.

Ljósmynd: Gunnar Halldórsson.

Dótaklifur?

Fyrir þá sem ekki þekkja til, þá er hægt að flokka klettaklifur á Íslandi í þrjá meginflokkka; grjótglimu, sportklifur og dótaklifur. **Grjótglima** (e. *bouldering*) fer yfirleitt fram á grettistöku og lægri klettum þar sem hægt er að beita færri, en oft stífari hreyfingum í lítilli hæð og snúa á sér öklklann í kjölfarið. **Sportklifur** (e. *sport-climbing*) fer fram í hærri hömrum þar sem nauðsynlegt er að tryggja öryggi klifrara með línu neðan frá, en þá er línan tengd með reglulegu millibili við vegginn með múrboltum (eða öðrum varanlegum tryggingum) sem komið hefur verið fyrir fyrirfram. **Dótaklifur** (e. *traditional-climbing*) fer líkt og sportklifur fram í hærri hömrum, en á hinn bóginn hefur varanlegum tryggingum ekki verið komið fyrir fyrirfram. Þ.a.l. þarf klifrari að koma fyrir náttúrulegum tryggingum (hnetum, vinum, borðum o.þ.h.) í leiðslu til að tryggja eigið öryggi, tryggingum sem síðar er yfirleitt hægt að fjarlægja á auðveldan hátt. Er því ekki hægt að segja á öld umhverfisvitundar að dótaklifur sé umhverfisvænna en sportklifur?

Gráður

Líklega er þess virði að minnast á gráðurnar, en gott er að nálgast klifurgráður í dótaklifri á Íslandi með ákveðnum fyrirvara, enda hafa dótaleiðir hér í langflestum tilfellum ekki orðið fyrir sömu klifurgráðu-(verð)bólgu og vinsælli sportklifursvæðin. Þ.e.a.s. klifurgráður á „vinsælli“ sportklifursvæðum (t.d. Vals-hamar og Pöstin) reynast oft auðveldari viðureignar en gráður á „klassiskari“ svæðunum (Stardal, Munkaþverá, Miðskjólí o.fl.). Til að geta í grófum dráttum þýtt klassísku gráðurnar yfir á verðbólgu-gráðurnar, er gott að draga allavega 2 gráður frá, jafnvel meira þar sem koma þarf fyrir tryggingum samtímis. Ágætis dæmi væri að leiða **Prins Póló (5.10a)** í Pöstumum er ríflega jafn erfiðt og að leiða **Jaðar (5.7)** í Stardal.

En áður en fólk fer að býsnast yfir ósanngirnir, vil ég benda á að almennt virðist sem ívið betra samræmi sé milli dótaklifursvæðanna og eldri sportklifursvæðanna og að oft eru auðveldari gráðurnar á nýrri og vinsælli svæðunum þær sem stinga í stúf. En það eru sálmar sem kryfja má við seinni tækifæri.

Þær sautján bestu

Hér hafa verið teknar saman sautján leiðir sem höfundur taldi líklega þær bestu á landinu fyrir hvern þann sem er að stíga sín fyrstu skref í dótaklifri (sérkennilegur fjöldi leiða hefur enga tiltekna merkingu, það vill bara svo til að leiðirnar telja í allt sautján). Ekki nóg með það, heldur eru margar þessara leiða meðal betri (auðveldari) klifurleiða landsins... punktur. Enn ein ástæða þess að víkka sjóndeildarhringinn og opna dyrnar að dótaklifurheiminum.

Að sjálfsögðu er hugtakið „auðvelt klifur“ háð hverjum og einum, en þessar leiðir ættu að eiga vel við byrjendur og miðlungs klifrara sem þó hafa grundvallarreynslu af leiðsluklifri (og hafa að sjálfsögðu kynnt sér viðeigandi öryggi og tækni í dótaklifri). Erfitt getur reynst að setja nákvæma erfiðleikagráðu á dótaleiðir, en þó klifurgráða (**5.7**) sé yfirleitt til staðar gefur gráðan ekki til kynna alvarleika leiðarinnar. Þó oft geti reynst erfiðt að álykta nákvæmlega alvarleika leiðar, var leitast við að flokka leiðirnar hér í þrjá mismunandi alvarleika-flokkka. Þ.a.l. fá leiðirnar hér klifurgráðu og flokk, en flokkurinn gefur gróflega til kynna hverju við er að búast í klifrinu eins og sjá má á töflunni hér fyrir neðan.

Alvarleiki:

Flokkur I

Leiðir í þessum flokki eru auðveldastar, hér reynir minna á klifurstyrk og andlega þætti. Þar af leiðandi henta þessar leiðir vel fyrir þá sem eru að leiða sínar fyrstu dótaleiðir, þau hin sömu geta þá einbeitt sér að tryggingum og línuvinnu.

Flokkur II

Leiðir í þessum flokki reynast erfiðari viðureignar og getur hjálpað að vera í lágmarks klifurformi. Þessar leiðir reyna á fleiri en einn þátt, en hér getur klifrið sjálf, erfiðara tryggingaval eða andlegir þættir spilað inn í. Þó er yfirleitt nóg um tryggingar og/eða hvíldir í boði til að ígrunda klifrið vel.

Flokkur III

Leiðir í þessum flokki reyna á samvinnu flestra þáttanna og er mjög gott að vera með sæmilega klifur- og/eða fjallamennskureynslu. Hér skaltu ekki láta koma þér á óvart þó að þú þurfir að reyna á úthaldið við að koma fyrir tryggingum (einni eða fleinum) í miðju klifri, án hvíldar.

Stardalur

Flagan 5.3 I

Leiðin sem rúllar boltanum af stað er Flagan, viðeigandi þar sem hún var fyrsta leiðin í Stardal til að vera klifin árið 1978. Austurhamrar eru hvað byrjendavænstir á svæðinu, bæði vegna offramboðs trygginga og notalegs halla klettanna (u.þ.b. 60-80°). Flagan er ein af auðveldari leiðunum í Stardal, en samt sem áður fantafint klífur. Hún leiðir mann upp augljósustu grófina í neðri hamrinum, með nóg af góðum tókum og tryggingarnar í fanginu.

Gög (E4 í l.v.*) 5.4 I

Hér duga smærri tryggingar en í Flögunni. Leiðin fylgir í fyrstu utanverðum vinstri stuðlinum, en hliðrast smám saman til hægri í grófina. Þægileg leið með nægum hvíldum og tryggingum, en nokkrum löngum hreyfingum.

Gokke (E5 í l.v.*) 5.5 I

Búsældarlegrí félaginn af þeim tveimur. Fylgir grófinni alla leið, en býr yfir ívið strembnari hreyfingum en fyrri leið.

Hvíslarinn 5.4 II

Greiðfærasta leiðin í Leikhúsinu og býður upp á tvær útgáfur (vinstra og hægra megin upp frá stóru blokkinni). Hér eru engar hreyfingar mikið erfiðari en í Gög, en hér skiptir fótavinna meira máli og tryggingar þarfnast ögn meiri útsjónarsemi. Skemmtileg leið, en vinstri útgáfan er ívið strembnari en sömuleiðis skemmtilegri.



Baldur Þór Davíðsson leiðir Hvíslarann (5.4) í Stardal. Ljósmynd: Páll Sveinsson.

Stúkan 5.6 II

Ein af betri fimm sexum landsins, þrjár stjórnur! Stíf byrjun og þaðan upp sprungu undir þakinu. Leiðin hliðrast svo út í grófina hægra megin, þar sem hægt er að taka löngu skriðsundtökin á frábærum festum upp á topp.

Upprisan 5.6 II

Miðhamrar eru hæstu hamrarnir í dalnum og finnast þar margar af stívari leiðum svæðisins. Þar eru þó tvær auðveldar og ævintýrlegar leiðir og er önnur þeirra Upprisan. Þessi 30 metra klassik hefst á krúxinu, nokkrir metrar af tæknilegum hreyfingum upp í góða hvíld í Pontunni. Þaðan er klifrað á góðum tókum utan á stuðlinum upp á Torfunu og eftir aðra góða hvíld þar endar leiðin á þægilegri sprungu upp á topp. Varist þó varptímabilið, þar sem Pontan og Torfan þykja gósenlönd í augum múkkans.

Nýdaudur 5.6 III

Nýdaudur telst engan veginn klassisk og hefur hlotið minna lof en hún á skilið. Leiðin hefst á sama tæknilega krúxi og Upprisan, en eftir góða hvíld í Pontunni er fyrstu tókunum upp að Torfunni fylgt áður en stefnan er tekin rակեիծis út til vinstri og á sprunguna vinstra megin í grófinni. Þaðan er þessari glæsilegu sprungu fylgt upp á topp og því gott að hafa kynnt sér lágmarks sprunguklifurtækni. Þó klifrið sé álíka stíft og í Upprisunni, fær þessi að skjóta sér upp í næsta flokk, þar sem lítið er um augljósar hvíldir í seinni hluta og vanda þarf línuvinnu þar sem leiðin hlykkjast aðeins.

Flögurnar 5.4 I

Hér leiða margir sína fyrstu dótaleið, enda stórgóð leið af þessari gráðu. Leiðin er brött fyrir sinn flokk, en mikið er af góðum tókum, ítrekuðum hvíldum og ofgnótt tryggingamöguleika til að klára fullvaxinn dótarakk á fyrstu metrunum (varist þó að tryggja bak við þunnar flögur).

Stíkan 5.5 II

Glæsileg, þriggja stjörnu leið sem fleygir sér strax í fang klifrarans. Fullt af földum góðum tókum í allar áttir og auðtryggð. En gott er þó að muna að góð, þrívíð fótavinna skiptir sköpum.

Scotts leið 5.6 III

Það er erfitt að gera upp milli Scotts leiðar og Stúkunnar, um hvor er besta fimm sexa landsins. Innan um almennt lausar og ljótar leiðir í Vesturhamri, getur þessi prisað sig sem gersemi hamarsins. Brött leiðin er í styttri kantinum, en klifrarinn spólar upp á þessum líka glimrandi tókum, yfir í stemm og endar á beinni handasprungu. Almennt auðtryggjanleg, þó fyrir miðju getur þurft einhverja lagni með minni tryggingum, kafli sem fleytir leiðinni upp í flokk III.

Sívaliturninn (A11 í l.v.*) 5.1 I

Auðveldasta skráða leiðin í Stardal. Það auðveld klifurlega séð að oft duga gönguskór. Þessa löngu leið er hægt að taka í tveim spönnum ef vilji er fyrir hendi, en aðal erfiðleiki leiðarinnar er að halda góðri línuvinnu til að hægt sé að klifra metrana fimmtíu á þokkalega virðulegan hátt. Ef ekki, sér línuviðnámið til þess að það að tryggja annan mann upp er eins og að hífa lyftuvír hring eftir hring upp Sívaliturninn í Köben.

Ágaleið 5.5 II

Vestast í Vesturhamri, rétt handan við hornið hjá West side story leynist óskráð leið sem höfundur hafði aðeins fengið veður af vegna einróma lofs Ágúst Þórs Gunnlaugssonar. Af einhverjum ástæðum virðist meira og minna öllum góðu sprungutökunum í Vesturhamri hafa verið troðið í þessa stóru sprungusúpu, en það býður þess vegna upp á þennan líka afbragðs, auðtryggða æfingaleikvang fyrir hvern þann sem hefur hug á að æfa sprunguklifurtök af hinum ýmsu stærðum. Leiðin sjálf fylgir sprungukerfinu sem finna má um fimm metra vinstra megin við West side story og eru sprungurnar klifraðar upp á stóru sylluna (án þess að stíga á gróna stallana vinstra megin við leiðina). Þar fylgir hún West side story upp afliðandi stallana upp á topp.

* Leiðarvísir Sigurðar Tómasar Þórissonar um Stardal (2007)



Magnús Ólafur Magnússon leiðir 7-up (5.7) í Stardal. Ljósmynd: Bjarnheiður Kristinsdóttir.

Búahamrar

Nálin

5.4 II

Fremur viðkvæmt dólerítið í Búahömrum veldur því að festur og tryggingar standast sjaldan sömu gæðastaðla og fyrrnefnt svæði. Þó má finna furðu heillegt berg á stöku stað, meðal annars í kring um Nálin. Nálin er ævintýrleg leið sem liggur upp á og framhjá augljóstri klettaspíru, um 10 metra hárrí sem skagar út frá sjálfum klettinum. Gaman getur verið að bröлта upp klettana fyrir neðan og taka klifrið í tveim spönnum, þó einnig sé hægt að síga að ofan úr boltuðu akkeri til að klifra einungis efri spönnina. Klifrið sjálft er alls ekki strembið, en þó bergið sé heillegt á Búahamra-kvarða er það ekki endilega gæðastimpil. Bergið getur verið mjög laust og tryggingaúrval takmarkað á köflum en leiðin er algjörlega þess virði, sér í lagi ef teknar eru nokkrar fimleikahreyfingar til að sveifla sér á topp sjálfrar Nálarinnar. (Sjá leiðarvísi Jónasar, bls 42).



Magnús Ólafur Magnússon í hnefalás í 7-up (5.7) í Stardal. Ljósmynd: Sigurður Ý. Richter.



Håkon André Halvorsen í lokahreyfingunum í Flögnum (5.4) í Stardal. Ljósmynd: Sigurður Ý. Richter.

Hnappavellir

Skúmaskot

5.6 II

Hnappavellir eru almennt hvorki þekktir fyrir byrjendavænt klifur né dótaklifur. Þó er þar (í það minnsta) ein afbragðs dótaleið í auðveldari kantinum og það í skál færi við grillið í Miðskjóli. Skúmaskot byrjar á stallinum vinstra megin við Tívoli og hefst strax á kraftmikilli en auðtryggðri hreyfingu (EK). Eftir hana er vinstri sprungunni fylgt upp á topp á stemmi og sprunguklifur-tökum. Í þökkabót hefur nýlega verið komið fyrir boltuðu akkeri yfir leiðinni, sem þýðir að auðvelt er að hreinsa leiðina og koma fyrir línu í ofanvað. Fjölbreytt og skemmtileg leið, tólf metrar sem bjóða upp á flesta mögulega klifurstíla.



Magnús Ólafur stendur á toppi Nálarinnar í Búahömrum. Ljósmynd: Sigurður Ý. Richter.

Gerðuberg

Með fullri reisu

5.4 I

Líkt og Stardalur, er Gerðuberg alfarið tryggt með náttúrulegum tryggingum. Vegna bratta leiðanna er hins vegar lítið um auðveldar leiðir þar og fær svæðið ekki fyllilega að njóta sín fyrr en í leiðum gráðaðar ~5.8 og uppúr. Ein þeirra leiða sem kemst þó á þennan lista er líklega augljósasta leið svæðisins, Með fullri reisu, en hún fylgir sprungunni bak við augljósa hallandi stuðulinn. Stutt og auðtryggð leið, sem býður upp á skemmtilegt stemmi-klifur, en er ekki einkennandi fyrir svæðið.

Stigið milli stuðla

5.6 II

Leiðin fylgir í raun þrem sprungum af mismunandi stærðum, allar sem umlykja sömu grófina. Önnur stutt leið sem er ekki einkennandi fyrir svæðið, en áhugavert þríviddarklifrið býður upp á góðar hvíldir og tryggingar úr öllum áttum.



Laufey Rún Þorsteinsdóttir í sinni fyrstu dótaklifurleiðslu í Flögnum (5.4) í Stardal. Ljósmynd: Sigurður Ý. Richter.



Håkon André Halvorsen tryggir að ofan í Miðvesturhamri í Stardal. Ljósmynd: Sigurður Ý. Richter.

Ingimundur

Valkvíði

5.4 III

Glæsilegur drangurinn sem gnæfir yfir Steinum hefur að geyma þrjár flottar leiðir frá 5.6-5.8. Þessar leiðir eru hver um sig vel þess virði að klöngrast upp flókin aðkomugilin (sem sumum þykir jafnvel krúx klifurdagsins). Ef greinagóðum aðkomulýsingum er fylgt upp gilin (sjá Ársrit Ísalp 2001-2002, bls 28) er komið að þessum fimmtíu metra drangi þar sem hægt er að velja einhverja af þessum þrem leiðum. Ef einhver þeirra er valin er heildarerfiðleikinn þó líklega kominn fram yfir flokk III. Fyrir þá sem ekki treysta sér enn í slíkt, er annar möguleiki til staðar. Ef fyrri spönn Munda er klifruð er komið upp í þægilegan stans eftir strompinn. Í stað þess að fara þaðan beint í stóru sprunguna upp til vinstri, er hægt að klifra á stóran grönn stall upp til hægri. Þar er klifrarinn kominn yfir í efri hluta Upprunalegu leiðarinnar og þar er hægt að komast á þægilegan hátt upp milli toppanna tveggja og í seinni stans. Og þannig tekst þér að sniglast fram hjá krúxum beggja leiða en samt fá ævintýrlegt fjölspannaklifur. Þó klifrið sé nær 5.4, þýðir bæði lengd leiðarinnar og staðsetning að þessi hafnar í flokki III, en ekki er verra að vera með fjallamenskureynslu í bankanum.



Bjarnheiður stemmar milli stuðla í leiðinni Með fullri reisu (5.4) í Gerðubergi. Ljósmynd: Örn Árnason.

Flokkur IV

Fjórði flokkurinn er beint framhald af þriðja flokki. Séu fyrrnefndar leiðir orðnar of auðveldar fyrir lesanda, þá eru eftirfarandi dótaleiðir líklega þær allra bestu sem hægt er að láta reyna á nýfundna dótaklifurhæfileikana í (áður en tekið er á honum stóra sínum og danssporin stigin við hinar margrómuðu fimm tíur).

Stardalur

Skráman	5.8 IV
7-up	5.7 IV
Beint af augum	5.9 IV+
Klassísk 5.8	5.8 IV
Leikhúsgrýfjan	5.7 IV

Búahamrar

Dyragættin	5.8 IV
<i>(Sjá leiðarvísi Jónasar, bls 42)</i>	

Vesturbrúnir

Heljaregg	5.6 400m IV
<i>(Sjá leiðarvísi Sveins á bls. 69)</i>	

Gerðuberg

Sonartorrek	5.9 IV
Lausir steinar	5.8 IV

Hnappavellir

Vöflujárnið	5.9 IV
--------------------	--------

Ingimundur

S fyrir Stratos	5.8 IV+
------------------------	---------



Magnús Ólafur Magnússon leiðir Klassísk 5.8 (5.8) í Stardal.
Ljósmynd: Sigurður Ýmir Richter.



Sportklifurstjarnan Svana Bjarnason í sinni fyrstu dótaklifurleiðslu í Stúkunni (5.6) í Stardal.
Ljósmynd: Damien LARGERON.

Texti: Bjarnheiður Kristinsdóttir

Norður fjörður

Ég hafði heyrt af nýju klifursvæði í uppbyggingu norður á Ströndum og stökk á tækifærið að fara og skoða það þegar Óli og Jonni ætluðu norður eina helgina. Sögurnar sem gengu af þessu svæði voru ýmist í eina áttina: Nýir Hnappavellir, nema bara fyrir norðan! Endalausir möguleikar! Eða aðra áttina: Hrikalega laust bergið þarna! Stórhættulegar leiðir og erfitt að flytja þig nægilega fljótt í bæinn ef þú slasar þig! Hvoru átti ég að trúá?

Litli Aygo-inn hans Óla hefði ekki getað verið troðnari af dóti þar sem við stímdum úr bænum í rigningu og roki á föstudagskvöldi í ágúst. Þegar við nálgudumst Hólmavík var komið kolniðamyrkur og skömmu síðar tók við malarvegur. Veghljóðið og hristingurinn aftur í Aygo var svakalegur og ég þeirri stund fegnust þegar við náðum áfangastað á tjaldstæðinu við Urðartind. Eftir að hafa fundið tjaldstað sem ekki var á floti eftir langan rigningardag var ráð að skoða aðstöðuna: borðsalur með eldunar- aðstöðu, rennandi heitu og köldu vatni,

gasgrilli og vatnssalerni – „vá, þetta er nú meiri lúxusinn!“ hugsaði ég sem hafði átt von á einhverju svipuðu og Hnappavallatjaldsvæðinu. Við skríðum þreytt í pokana og vorum fljót að sofna með brimið í bakgrunni rétt fyrir utan.

Daginn eftir var glampanði sólskin, spegilsléttur hafflötur og fögur klettabelti gnæfðu yfir skammt frá okkur. Við pökkuðum í bílinn og lögðum af stað eftir vegi merktum Munaðarnesi undir Steinstúnshömrum og inn með hlíðinni í átt að Eiðishömrum. Jonni og Óli sýndu mér

hvar þeir væru að velta fyrir sér fjölspannaleiðum, hvaða sprungur væru fráteknaðar fyrir dótaklifur og hvernig þökin gnæfðu yfir með möguleika á verulega erfðum og flottum klifurleiðum. Við tíndum ber á leiðinni upp brekkurnar og hófum klifurdaginn á að ganga meðfram Sögu-svæðinu. Skemmst er frá því að segja að sögusagnir um laust berg voru stórlega ýktar. Klettarnir eru bæði litríkir, bergið fast fyrir og alls konar áhugaverðar línur og grip í því. Veðrið var fullkomið, glampanði sól og heiðskírt og bergið að mestu orðið þurrt. Þetta varð frábær klifurdagur.




Jonni á göngu upp að Sögu-svæði. Mynd: Bjarnheiður Kristinsdóttir

Fyrirfram hafði ég kviðið dálítið fyrir því að prófa Blóðbað (5.10a, 28m), leiðina sem átti að heita Galdrafár en fékk nýtt heiti eftir að Erla Guðný datt þar og endaði á syllu með opið ökklabrot. Jonni fullvissaði mig um að ég myndi ráða vel við þetta verkefni og nú væri kominn nýr bolti í leiðina til að auka öryggið. Anda inn, anda út og leggja af stað, einbeitingin í hámarki. Gleðin jókst með hverri hreyfingu og leiðin steinlá í fyrstu tilraun. Vá, þvílík snilld!

Raunar má segja það sama um allt sem prófað var – fjölbreyttar og flottar hreyfingar í klifurleiðunum og umhverfið alveg stórbrotið. Þegar klifurþreytan sótti að héldum við upp á hamrana þar sem Jonni setti upp siglínuna og við hófumst handa við að hreinsa nýja leið. Óli hélt lengra í austurátt til að skoða fleiri mögulegar leiðir. Um kvöldið þegar tók að dimma var síðan haldið í hús til að næra sig og þaðan út í Krossneslaug til að slappa af í heitu vatninu og horfa á norðurljósin dansa yfir firðinum.

Daginn eftir kláruðum við hreinsunarstarfið. Jonni kenndi mér að bolta og aðstoðaði við að reka boltana inn í bergið þegar mín eigin hamarhögg voru ekki nægilega þung. Sannarlega er það ný vídd í klifurgleðina að taka þátt í að bolta og frumfara nýja klifurleið. Það er ekki hægt að mæla nógsamlega með því að fólk leggi leið sína í Norður fjörð. Ég alla vega get varla beðið eftir að komast aftur norður!






Horft út Norðurfjörð af tjaldstæðinu. Mynd: Ólafur Páll Jónsson.



Jonni framán við klettana sem geyma Blóðbað og fleiri góðar leiðir á Sögu-svæðinu. Mynd: Bjarnheiður Kristinsdóttir.



Óli glímir við Baskavígin.
Mynd: Jónas G. Sigurðsson.



Bjarnheiður lögð af stað í Blóðbað.
Mynd: Jónas G. Sigurðsson



Horft meðfram Sögu-svæðinu í átt að Drangajökli.
Mynd: Bjarnheiður Kristinsdóttir.



Jonni í byrjun Blóðbaðs. Mynd: Ólafur Páll Jónsson



Ég fer á fjöll



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS
www.fi.is

Texti: Jónas G. Sigurðsson

Klifur í Búahömrum

Leiðarvísir



Fyrir klifrara á suðvesturhorninu hefur klifursvæðið í Búahömrum, í sunnanverðri Esju, löngum verið vinsælt vegna þess að þar er hægt að stunda fjölbreytilegt klifur. Búahamrar eru eina klifursvæðið á Íslandi þar sem hægt er að komast í einnar spannar eða fjölspanna sportklifur eða dótaklifur, grjótglímu, ís- eða snjóleiðir eða þær sem eru blandaðar af þessu og sígildar alpklifurleiðir.

Fyrst var sagt frá klifursvæðinu í Búahömrum í leiðarvísi um Esju sem Snævarr Guðmundsson og Magnús T. Guðmundsson rituðu og Ísalp gaf út árið 1985. Snemma á 21. öld var gefin út einskona uppfærsla á þessum leiðarvísi en hann innihélt aðeins 8 leiðir sem voru allar annaðhvort sport eða dótaklifurleiðir. Höfundur þessa leiðarvísis er ókunnur.

Búahamrar draga nafn sitt af tindinum Búa sem er ofan við vestari hluta hamranna. Búahamrar afmarkast af Grundará og Gljúfurdal í vestri og Mógilsá í austri. Búi var maður sem sagt er frá í Kjalnesingasögu. Þar segir að þegar að Búi var tólf vetra gamall, var honum stefnt fyrir rangan átrúnað og dæmdur sekur skógarmaður. Einn af stöðunum sem Búi á að hafa varið útleigd sinni er í Búahelli. Búahelli er í Laugarnípu í Vesturbrúnum Esjunnar og snýr hellirinn að Tindinum Búa og Búahömrum. Sagt er að þar hafi verið sæluvist, enda hellirinn rúmgóður og þar var einnig baðlaug. Sögur gengu af því að mjög erfitt væri að komast í Búahellinn og væri sennilega léttast að síga niður í hann og svo þaðan alveg niður á jörð. Sjáum til hvað klifrarar segja til um það.

Þessum leiðarvísi er skipt upp í tvo hluta, sumarklifur og vetrarklifur. Fyrri hlutinn tekur fyrir sportklifur, dótaklifur og fjölspannaklifur í klettum. Seinni hlutinn tekur fyrir ísklifur, snjóklifur, blandað klifur (e. *Mixed climbing*) og alpklifur.

Þessi skipting var valin þar sem að ástand hamrana er gjörólíkt milli þessara árstíða og óheppilegt að teikna inn sportklifurleiðir á yfirlitsmynd sem er á kafi í í snjó. Sömuleiðis er erfitt að teikna inn ísleið þar sem að einungis eru blautir klettur. Burt séð frá því er ekkert sem stoppar klifrara að klifra Svarta turninn í desember.

Markmið þessa leiðarvísis er að uppfæra þann sem fyrir var og er kominn til ára sinna. Með því að skipta svæðinu upp á þennan hátt er vonast til að klifur-

leiðirnar verði aðgengilegri og auðveldari að finna. Klettabeltið spannar nefnilega tvo kílómetra og er sundurskorið af fjölda gilja, skorninga auk stalla og syllna. Hver veit hvað er meira að finna í hömrinum?

Í þessum leiðarvísi eru hinar ýmsu myndir. Flestar myndanna sem hér birtast og eru ónafngreindar eru teknar af höfundum að undanskyldum myndum í vetrarhluta, þær eru teknar af Matteo Meucci. Aðrar myndir hafa skammstöfun myndasmiðs í sviga fyrir aftan myndtexta. Þeir myndahöfundar eru Björgvin Hilmarrson, Guðmundur Helgi Christensen, Haraldur Örn Ólafsson, Leifur Örn Svavarsson, Páll Sveinsson, Robert A. Askew og Stefán Steinar Smárason. Einnig á Snævarr Guðmundsson miklar þakkar skilið fyrir yfirlestur og utanumhald á þessum miklu upplýsingum síðustu áratugi.



Bjartur Týr Ólafsson boltar stansinn í Tveggja turna tali (JGS).

Hvernig á að komast í Búahamra

Frá Reykjavík er ekið eftir Vesturlandsvegi og undir Esjuna. Tveir staðir eru til að skilja við bíla. Til að komast að þeim fyrri er ekið inn á bílastæði þar sem gönguleiðin á Þverfellshorn byrjar. Í einu horninu á bílastæðinu er slóði sem er hálf falinn á bak við tré. Akið slóðann upp undir Fálkaklett þar til tveir steinar tálma för. Frá þessum steinum er stutt ganga að vinsælum sumarleiðum í austanverðum hömrinum. Annar staður sem hefur verið notaður til að skilja við bíla er aðeins nær Kjalarnesi. Það bílastæði hentar betur til að nálgast vetrarleiðir eða leiðir sem eru í vestari hluta hamranna. Þá er beygt inn við bæinn Skriðu og ekið áleiðis inn að bænum þar til komið er að flötum grasbala. Búið er á Skriðu svo að klifrarar þurfa að gæta þess að skilja við bíla sína þannig að þeir séu ekki fyrir ábúendum á Skriðu eða í óþökk þeirra.

Saga klifurs í Búahömrum

Elstu klifurleiðirnar í Búahömrum eru Flatnasi, sem var fyrst klifruð árið 1979 og 55°N, sem var frumfarin árið 1980, báðar af Snævarri Guðmundssyni og Torfa Hjaltasyni. Á árunum 1982 - 1988 voru margar leiðir farnar í Búahömrum. Flestar þeirra voru snjó- og ísleiðir en nokkrar á klettum. Þeir Snævarr Guðmundsson, Jón Geirsson, Kristinn

Rúnarsson og Þorsteinn Guðjónsson voru mest áberandi í frumferðum nýrra leiða á þessu tímabili. Uppúr 1990 fór Snævarr að skoða möguleika á sportklifurleiðum í Búahömrum og úr varð fyrst Rauði turninn og því næst Mefisto. Á sama tíma hófust Páll Sveinsson, Guðmundur Helgi Christensen og Björn Baldursson handa við að skoða hvað var eftir af leiðum til að klifra. Í kringum 1994 fóru nokkrir



Vegir og bílastæði undir Búahömrum (Rauðmerkt).



Matteo Meucci klifrar í Tvíburagili. (JGS)



Sigursteinn Baldursson á Nálinni (HÖÓ)



Snævarr Guðmundsson í frumferð Rauða turnsins (PS)

klifrarar að skoða möguleika í Fýlabeins-turninum fyrir erfiðar sportklifurleiðir. Þar frumfór Björn Helgrímu og Vítis-bjöllur, sem enn eru erfiðustu leiðirnar á svæðinu. Eftir það tóku að bætast við fleiri boltaðar leiðir. Lítið bættist við af nýjum leiðum þangað til veturinn 2008-2009 en þá voru farnar sex nýjar blandaðar klifurleiðir í Tvíburagili. Svarti turninn var frumfarin sumarið 2009. Þessi leið varð fljótlega vinsælasta leiðin í Búahömrum og er sennilega mest klifraða fjölsþannaleiðin á Íslandi. Síðan 2009 hafa einhverjar leiðir tínst til og horfa klifrarar nú til Kuldabola rétt vestan við Svarta turninn sem býður upp á finasta sportklifur.

Aðstæður

Klifrið í Búahömrum er jafn fjölbreytt og klifurleiðirnar sem þar eru í boði. Á

mörgum stöðum í hömrnum er hægt að komast í fast og gott berg en á öðrum er það frekar laust og morkið. Allar leiðir í Búahömrum eiga það sameiginlegt að hafa vissa hættu á grjót- eða íshrúni. Við-tæk venja í sportklifri er að stunda það hjálmlaus, þó svo að hjálmanotkun sé á uppleið, þetta á þó ekki við í Búahömrum og þar ber alltaf að nota hjálm!

Búahamrar snúa að mestu leiti til suðurs eða suðvesturs og snúa því á móti sólu nánast allan daginn og margar leiðir njóta kvöldsólar. Þetta er frábær kostur fyrir sumarleiðirnar en getur verið erfitt fyrir margar vetrarleiðir. Leiðirnar hjá 55°N og Nálarauganu eru oft í bestum aðstæðum í desember og janúar þegar sem minnst sólarljós skín á hamrana. Tvíburagil er aftur á móti gilskorningur sem nýtur meiri skugga og er því ekki

eins háður birtustigi. Tvíburagil og aðrar leiðir í giljum og skorningum eru oftast í bestum aðstæðum í köldustu mánuðunum, febrúar eða byrjun mars.

Jarðfræði

(eftir Dr. Robert A. Aske)

Esja massif is comprised of a 2.4 km thick sequence of volcanics: lavas, hyaloclastites and intrusives. The oldest exposed rocks in the area are around 3 million years old and progresses to the east to around <1 million years old. Within the Esja massif are the 3 volcanoes of Kjalarnes (2.8 My), Hvalfjörður (2.0 My) and Stardalur (1.7 My).

Búahamrar is an plagioclase phyrlic olivine tholeiite dolerite sill (known as the Þverfell intrusion), part of the Kjalarnes

volcano, which intruded into hyaloclastites and lavas and caused some deformation of these surrounding volcanics. The sill was formed during the later stages of the Kjalarnes volcano's activity around 2 million years ago along with a significant number of other dykes, sheets and sills altogether totalling around 1 km thickness. Búahamrar itself is irregularly jointed and was intruded as a 1 km long and 200 m thick horizontal to sub horizontal sill. The lavas and hyaloclastites into which the sill intruded were erupted in glacial (hyaloclastites) and interglacial (lavas) periods during the Pleistocene.

Subsequently the Esja stratigraphy has undergone some low grade hydrothermal metamorphism, causing zeolites to form within veins, fractures and vesicles. Though the sill shows no vesicularity zeolites are visible throughout the cliffs in fractures and veins.

Part of this hydrothermal process concentrated gold into a vein running east west beneath Þverfell. During later glacial periods Esja was eroded and exposed, after the last glaciation the area isostatically rebounded and unstable mountain slopes occasionally collapsed, as visible in the landslide debris below Þverfell and many other areas.

Gráðun og gráðukerfi í notkun

Í þessum leiðarvísi er fjallað um mismunandi gerðir klifurs og þar af leiðandi er notast við ólíka gráðukvarða.

Sumarklifurleiðirnar eru annaðhvort dótaklifurleiðir (e. *Traditional climbing, Trad*) eða sportklifurleiðir með boltum og augum. Þessar leiðir eru í þessum leiðarvísi gráðaðar með sama gráðukerfinu, YDS (*Yosemite Decimal System*). Í Búahömrum eru leiðirnar á bilinu 5.4 og upp í 5.13b. Í leiðarvísi um Esjuna frá 1985 er

stuðst við UIAA (*Union Internationale des Associations d'Alpinisme*) gráðukerfið, sem var vinsælt í Evrópu á þeim tíma. Í einhverjum tilfellum hefur gráðan verið umrituð á milli gráðukerfa í þessum leiðarvísi og er áhugasömum bent á skoða upprunalega leiðarvísinn til að sjá þá gráðun. UIAA gráðukerfinu er lýst ítarlega í Ísalp tímariti 16 frá 1980 en auðveldlega má bera YDS og UIAA saman í töflunni á næstu síðu.

Vetrargráðurnar eru fjölbreyttari. Fyrstu vetrarklifurleiðirnar voru gráðaðar með Skoska vetrargráðukerfinu. Skoska kerfið er áhugavert að því leiti að það var notað til að lýsa snjó, ís og alpaklifri með sama skala og einnig er hægt að lýsa blönduðu klifri.

Í 11. tímariti Ísalp fréttablaðsins frá 1979 er þessu kerfi lýst á eftirfarandi hátt:

1. Gráða – Einföld snjóleið. Erfiðleikar litlir. Yfirleitt samfelld brekka eða gil. Getur verið minni háttar hengja í toppinn. Tryggingar yfirleitt ekki nauðsynlegar fyrir vana. Fall getur verið hættulegt.

2. Gráða – Brött gil með hengjum og/eða ishöftum/hafti. Tryggingar nauðsynlegar. Brattir fjallshryggir, ísaðir ef til vill með bröttum köflum.

3. Gráða – Erfiðar leiðir, aðeins fyrir vana ísklifrara. Millitryggingar geta verið nauðsynlegar. Brött snjó/is-höft algeng. Erfiðar hengjur. Heildar bratti mikill.

The pillars were formed some 135 000 years ago by lava flows. They are about 1,5 meters wide. Not a single route is bolted, the site being under park jurisdiction. The climbing is therefore only trad, climbing the cracks of various sizes in between the columns, choosing the size to climb according to your liking (or apprehension in my case, having no experience in crack climbing whatsoever). Thankfully, the routes are rather short varying between 8 and 14m. I sent a 5b, successfully avoiding to use the crack, then a 6a+ that felt like a 7c. I tried it on top-rope first, falling 3 times, at a loss in front of that intimidating crack. Then I was incited to lead it, placing the gear too. Crack-climbing + trad-climbing = definitely not my cup of tea, the thought of it still gives me shivers! You can see the terror in my eyes on the photos... Thanks to a good measure of ego, and a bigger dose of endurance, I sent the route, spending a generous half-hour on this 12m 6a+ (with double protection each time to soothe my terrified mind). Looking back, it was actually a pretty good day: if you like cracks, the climbing is really good and the surroundings are once again breathtaking. Bonus points for the Rjúkandi Kaffi in Borgarnes, a café 20 min away where you can wait out the rain. The cakes are delicious and the owners are very welcoming.



Axel Ballay climbs Amnesia (7B) below Vestrahorn.



Adrian Markowski wrestles the tuff in Viðey.



On trad lead at the crux in Kaliforníudraumar (6a+) in Gerðuberg.



Bouldering in the sunset at Valbjargargjá.

With trad ticked off the checklist, we set off on a road trip, going east towards Hnappavellir, THE sport-climbing spot of Iceland, and Vestrahorn, a bouldering site near the ocean. A road trip is somewhat of a must do in Iceland, Route 1 being the equivalent of Route 66 in America. On the way, you will encounter: waterfalls, hot springs, glaciers, icebergs, mega ice cubes on a beach, sheep and horses... all of Iceland's best!

Fourth thing there is to know about Iceland: there are more sheep than inhabitants on the island. There is also a good amount of horses. Icelandic horses are special, they are quite short (somewhere in between ponies and horses) and are the only horses with 5 natural gaits, the "tölt" being the extra one. While 'tölting', horses will always have at least a hoof touching the ground. It is the secret to a super comfortable ride. Apparently, you could put a cup of coffee on the back of a tölting horse and it wouldn't spill. Icelandic horses also have very singular hairdos, somewhat akin to that of 90's boys band members. The ultimate goal is to find your hairdo twinsie - of course, I did. They are super friendly and it's worth stopping to get close to them.

Near Vík, you will have to stop on Reynisfjara beach. This beautiful black sand beach adorned with more basalt columns, offers a lovely view of basalt stacks towering over the ocean - a potential cold water DWS spot? The tumultuous beach is nicknamed 'Chinese take-away' by the locals. It seems there is an increasing amount of Chinese tourists, of which many of them seem to be on the lookout for adrenaline rushes, playing around the powerful waves (fully clothed)... I'll let you guess how the nickname came to be! It is indeed a particularly stunning place, especially at sunset. But it's pretty dangerous, if you did get washed out, the strong currents there would make it impossible to swim back ashore.

Another compulsory pit stop is Jökulsárlón, with its lagoon and Diamond beach just across from it. Vatnajökull glacier stands right behind it, and the contrasts between all of this are just incredible. Once again, our breaths were taken away by such beautiful views... and it probably looks just as surreal as you'll imagine it.

If time allows it, you might stop at Fjallsárlón for a quick bouldering session dominated by more glaciers. There aren't many of those high boulders, but their surroundings are extraordi-



Laybacking the crux on Schmetterling (7A) in Gálgaklettur.

nary. We lacked time and only tried out a warm up boulder, a lovely 6C with a balance top out. Although it looks like more time would allow for some pleasant discoveries.

After 4 hours, Route 1 will lead you to Hnappó, short for Hnappavellir, the sport climbing area we were aiming for. The site, an hour and 15 minutes away from Höfn, was developed in the 90's by climbers befriending farmers. Thanks to them, climbers (and only climbers) are allowed to camp onsite. Basalt cliffs were carved by the ocean, they stretch over 5 km. Millions of years

ago, that's where the shoreline was. Nowadays, the ocean lies a bit further away, although one can still see it from the routes. There are around 200 routes opened, from grade 3 to 8b+, most of them bolted. Hnappó is where you will find Iceland's hardest sport-climb.

Kamarprobbinn is the rather bouldery 8b+, sent in 2016. As a general rule, climbs here tend to be short and intense. Even moderate grades will try your power. I was slightly apprehensive of the style, as I'm not much of a boulderer, but I ended up loving every minute of it and enjoying each

meter of climbing the uncommon (for us French climbers) basaltic rock. Bonus points for the small hut at the bottom of the crag, built by climbers from the Reykjavik climbing gym a few years back. It's a windy place and it was nice to shelter for some warmth and a cup of tea at lunch time. All climbers are expected to acquit themselves of the small annual fee of 1500 ISK (Icelandic Krónur). The sum, which amounts to about 11€, will go towards maintaining the site and will allow you to climb in Hnappó and all surrounding spots.

We ended our western road trip with a visit to Vestrahorn, a bouldering area located near Höfn, sitting at the foot of the Vestrahorn mountains. Bouldering with a view on the ocean, the waves and black sand beaches, with mountain tops in the background... I've seen worse! The place is pretty touristic but nobody ever reaches the boulders. The whole place is a private land, the owner asks for a 900 ISK fee (less than 7€) to enter the spot. One could disagree with having to pay to access natural areas, but 900 ISK isn't much to ask, the owner is always nice to climbers and he has to make a living. Plus he owns the roads and has to maintain them at his own cost. He also owns the lovely Viking café.

Vestrahorn will bless you with a field of boulders. Not every one of them is climbable though. You'll find over 400 boulder problems, from grade 4 to 8 and there's potential for much more. A guidebook should be out soon.

Beware of the landing, it's good to bring a lot of crashpads. Once again, the weather forecast is a bit fickle, due in particular to the combo of mountains and ocean. There, you should experience cold, moist and wind. You're starting to get it, these are the perfect conditions for Icelandic climbing. However, you could get as lucky as we were when we went there: shining sun and clear blue skies. Even to the point of taking off all warm layers while climbing!

We certainly did not have enough time to try all the boulders but we did climb some enjoyable problems, on gabbro rock. We'll definitely have to come back for more, and for the multi-pitch climbing that Vestrahorn also offers. You'll have to venture further afield; on the mountains you can see behind the boulders. Some of them are bolted and the view is stunning. Several lines are waiting to be freed, just saying... Bonus points for the beach and the waves surfers can catch!



Axel Ballay clipping the chains on Tívolí (7b) in Hnappavellir.

Last but not least for that Icelandic trip: ice-climbing. Another side of climbing I had never experienced before. A local climber kindly offered to take us there on our last day. Great opportunity! Turns out that climber, Hjördís, is a distant relative of mine.

Fifth thing there is to know about Iceland: everybody is a distant relative. If you plan on having a relation with someone, you can check the "Íslendingabók" (Icelandic people book), a database which can be used to make sure you're not planning on going out with your first or second

cousin. Knowing that it was pretty obvious I would end up meeting a cousin's cousin!

So here we were, the day before our departure, leaving the house in the early morning, followed by the heaviest rain ever.

Sixth thing there is to know about Iceland: the rain is quite fun in that country, if falls from the sky in a horizontal way. Therefore, if it does rain nothing can help you stay dry, not even the best rain jacket.



The team in Viðey, from left: Johan Kervella, Adrian Markowski, Benjamin Mokry, Svana Bjarnason, Kristinn Gunnar and Sigurður Richter.

We drove 2 hours and got to Sólheimajökull, a glacier we had trouble seeing considering the weather. We packed the gear, put on (many) warm layers and decided to face the outdoors. Then rushed back to the hut, our rain jackets already soaked. Hjördís showed some compassion and lent us sailor rain coats, as well as pants, looking much better than our clothing. 20 minutes later we were facing a tough decision: use our rain jackets and be wet from the rain or use the sailor rain coat and be wet from the sweat. Anyway, we wouldn't be able to avoid getting soaked.

Sólheimajökull is a 10 km long, easy-to-hike glacier. On your way up you will encounter classic glacier features: crevasse, moulins, caves and blue looking ice. However, do not expect the bright white glacier from the pictures you can find on the internet. The glacier is covered with ash, due to Katla's eruption in 1918 and Eyjafjallajökull's eruption back in 2010. Some weird atmosphere to wander in, especially considering the weather. It looked like we were stuck in an old black and white movie. It was hard getting some motivation to climb but

we still got to top-roped 3 short routes. Looking back, it was a nice experience. It took some time but I finally managed to plant my ice axes correctly and get out of the moulin, after breaking a rather big amount of ice.

So, that's how our first climbing trip to Iceland went. Probably not the last one though! First times, rain, wind, climbing, a bit of sun, heaps of rainbows, high quality rock, ... It would be lying to say it is a world class climbing destination but it's worth packing your favorite climbing shoes if you do end up in Iceland. Don't expect long climbing sessions but it's really nice to combine hiking and climbing.

A big thanks to my sponsors for they support on the trip: Planetgrimpe, Edelrid, Mountain Hardware, Toyota Iceland.

Many thanks as well to the locals we met and enjoyed spending time with : Bea, Ben, Soggi, Adrian, Elmar, Hjördís, Valdimar, Diddi, Ólafur, Kristinn, Kjartan... Hopefully I'm not forgetting anyone. See you soon!



FENIX 6
SPORT- OG ÚTIVISTARÚR
MEÐ KORTI OG MIKILLI
RAFHLÖBUNINGU

INREACH MINI
GERVIHNATTA
NEYÐARSENDIR, TRACKER
OG SAMSKIPTATÆKI

GPSmap 66s
3" SKJÁR MEÐ FRÁBÆRRI
UPPLAUSN OG TENGJANLEGT
VIÐ SNJALLSÍMA

GARMINBÚÐIN
ÓGURHVARFI 2, 203 KÓPVOGUR | SÍMI: 577 6000 | GARMIN.IS

Samantekt: Jónas G. Sigurðsson

Starfsemi ÍSALP 2019

Stjórn Ísalp árið 2019 skipuðu Jónas G. Sigurðsson, formaður, Sigurður Ýmir Richter, varaformaður, Ottó Ingi Þórisson, gjaldkeri og meðstjórnendurnir Baldur Þór Davíðsson, Matteo Meucci, Sif Pétursdóttir og Védís Ólafsdóttir. Jónas var kjörinn formaður til tveggja ára, Baldur endurnýjaði umboð sitt til tveggja ára og Sif og Védís komu nýjar inn í stjórn til tveggja ára. Í lok febrúar gaf klúbburinn út glæsilegt ársrit. Lagt var upp með að gefa út létt ársrit þar sem að afmælisársritið árið áður var einstaklega viðamikil. Vegna fjölda innsendra greina og mynda endaði ritið á tæpum 100 síðum og viljum við þakka klúbbfélögum okkar fyrir veitta aðstoð við gerð ritsins og það að fara út og lenda í ævintýrum sem vert er að skrifa um.

Árið 2018 endaði á glæsilegri sýningu á klifurstórmyndinni Dawn Wall. Næsta starfsár hófst svo á tveimur sýningum á myndinni Free Solo í Bíó Paradís. Myndin varð risastór á heimsvísu og endaði á að fá Óskarsverðlaun fyrir bestu heimildarmynd ársins. Ísalp hélt áfram í kvikmyndageiranum og var hluti af sýningunni No Man's Land sem sýnir myndir eftir konur og um konur í útivist tekinn til sýninga. Til að ljúka þessu mikla bióári af þá héldum við okkar árlega Banff hátíðlegt.

Eins og áður hefur farið fram mikil vinna sem miðar að því að koma Bratta á sinn stað í Botnsdal. Skrifinnskan sem fylgir þessu er mjög þung og torskilin en sem betur fer erum við í góðu samstarfi við Ferðafélag Íslands um að koma skálanum á sinn stað. Á aðalfundi var samþykkt samhljóða að skálinn sem hefur staðið óhreyfður á lóð úti á Kársnesi skuli vera afhentur FÍ til afnota. Skálinn sem um ræðir er skáli sem Ísalp fékk að gjöf frá Land Rover. Þegar tilskilin leyfi fást fyrir því að skálinn verði settur niður á sinn stað mun FÍ alfarið fjármagna byggingu nýs skála sem Ísalp mun eiga helmingshlut í. Vinnu við samkomulagið er lokið og var það undirritað í byrjun árs 2020 og hefur því skálinn alfarið verið afhentur til Ferðafélags Íslands.

Árlega Ísklifurfestivalið var haldið á norðanverðu Snæfellsnesi. Gist var Grundarfirði og klifruðu teymi í Grundarfossi, Mýrarhyrnu, Búlandshöfða og Baugsmúla. Yfir 20 manns mættu og voru það fyrstu einstaklingarnir til að fá glænýt ársrit í hendurnar.

Á síðasta ári sendi Ísalp hóp til Slóveníu í fjallaskíðaferð og annan hóp til Slóvakíu og Ungverjalands í klifur- og fjallahlaupaferð. Í ár var svo röðin komin að okkur að taka á móti hópum frá Ungverjalandi og Slóveníu. Við leigðum tvo stóra sendiferðabíla og keyrðum norður á Tröllaskaga þar sem við skíðuðum alveg eins lengi og mikið og mögulegt var. Kvöldin einkenndust af afbragðsgóðum mat og ferðum í 20 manna heitapottinn sem var á staðnum. Allir voru í skýjunum með ferðina og eiga skipuleggjendur hennar miklar þakkir skildar!

Sigurður Ýmir skipulagði dótaklifurkynningu rétt fyrir dótaklifurdaginn í Stardal í júní. Góð mæting var á kynninguna en svo þurfti að fresta sjálfum dótaklifurdeginum vegna veðurs. Þegar dagurinn sjálfur var svo haldinn varð hann fámennur en góðmennur.

Í september sendi Ísalp tvo félaga til Písa í vinasamstarfið á milli alpklúbba. Elisabet Atladóttir og Gunn Ósk fóru fyrir hönd klúbbsins og kunnu mjög vel við klifrið og gestrisnina. Við eigum svo von á að klifrarar frá Písa kiki til okkar fljótlega. Franski atvinnuklifrarinn Svana Bjarnason, sem á rætur að rekja til Íslands, kom til landsins í lok sumars og skoðaði hvað Ísland hefur upp á að bjóða á milli haustlægða. Hún skoðaði helstu klifursvæðin: Hnappavelli, Vestrahorn, Gálgakletta, Jósepsdal, Valbjargargjá, Viðey, Stardal og Gerðuberg. Hún kunni vel að meta landið, klifrið og klifrarana og stefnir á að koma hingað aftur sem fyrst.

Í byrjun veturs setti Matteo upp Drytool leiðir í Klifurhúsinu og hélt hitting til að hefja veturinn. Mæting var með finasta móti og fundu allir leiðir við sitt hæfi.

Jeff Mercier, atvinnu ís- og mixklifrari mætti til landsins með ljósmyndara með það markmið að klifra sem brattastan ís í íshellum uppi á jöklum. Matteo leiddi hann um Suðurlandið og sýndi honum bestu staðina. Þeir klifruðu á: Sólheimajökli, Kötlujökli, Skaftafellsjökli, Svínafellsjökli, Falljökli og Breiðamerkurjökli. Eftir ferðina, rétt áður en hann fór heim, hélt hann glæsilega myndasýningu og fyrirlestur. Hann sýndi bæði myndir úr ferðinni sem og myndir og myndbönd frá verkefnum sínum síðustu ár.



Guðmundur Ísak að koma upp á topp í Villingadal. Ljósmynd: Sigurður Ýmir Richter.

Samantekt: Jónas G. Sigurðsson

Annáll íslenskrar fjallamennsku 2019

Veturinn 2018-2019 fór hægt af stað og lítið hægt að klifra framan af. Í byrjun nóvember og desember komu ör-stutt kuldaskot sem nýttust hvort um sig í einn klifurdag eða svo og höfðnuðu síðan jafnhrott og þau komu. Lengi vel leit út fyrir að janúar myndi feta í fótspor fyrri mánaða en undir lok mánaðarins kom loksins almennilegt og stöðugt frost. Frostið hélt út nær allan febrúar og byrjun mars. Þetta gladdi ísklifrara landsins og voru margar nýjar leiðir klifraðar, sérstaklega af öflugum teyrum í Örfæfunum. Frostið var einnig nýtt í fyrirtaks Ísklifurfestival sem var haldið hátíðlegt á norðanverðu Snæfellsnesi. Eftir það sem verður að teljast fínasti ísklifurvetur, þrátt fyrir hæga byrjun, var svo komið að klifursumri. Undanfarið tvö sumur höfðu verið mild og blaut, Íslendingum til mikils ama. Nú var því komið að góðu sumri, við áttum það svo sannarlega skilið. Eflaust má „þakka“ hnattrænni hlýnun það og voru klifrarar úti allt frá maí og fram í september með litlum og stuttum rigningarhléum. Talsvert

SUÐVESTURLAND

Múlafjall – Guðmundur Ísak Markússon og Sigurður Ýmir Richter ákváðu að fara í könnunarleiðangur á svæðið Votaberg sem minnst er á í nýttkomnum leiðarvísu um Múlafjall. Engin leið var skráð á svæðinu en þar myndast ís sem menn hafa talið erfitt að komast í. Þeir félagar prófuðu að brölta upp og lentu á risastórum steinboga. Fyrir aftan bogann var þunn íslína sem varð að sjálfsgöðu fyrir valinu þann daginn. Leiðin fékk nafnið **Skoska leiðin** M3 WI 3+. Í lok mars voru síðan Ágúst Kristján og Matteo Meucci á ferð um svæðið Kötlugróf í Múlafjalli. Þeir fóru á ófarnar slóðir (eða í það minnsta óskráðar) og klifruðu heilar fjórar leiðir sama daginn. Allar leiðirnar voru um 40m og af gráðunni WI 3. Þessar leiðir fengu nöfnin **Katla**, **Hekla**, **Askja** og **Baula**.

Kjós – Skráning á leiðum í Kjósinni hefur eitt-hvað skolast til frá því að þar var fyrst klifrað. Einungis eru um 20 leiðir skráðar í allri Kjós-

inni þó svo að þar séu sennilega talsvert fleiri leiðir. Elísabet Atladóttir og Illugi Örvar Sólveigarson lögðu leið sína í Kjósina í desember vegna þess að þau höfðu heyrt sögusagnir um að Þórufoss við Grenihlíð væri þægilegur í klifri. Engar heimildir fundust hins vegar fyrir því að hann hafi yfir höfuð verið klifinn. Þau hentu því nafninu **Skyndibiti** WI3 á hann vegna nálægðar hans við veg og auðveldrar aðkomu.

Stardalur – Síðustu ár og jafnvel áratugi hafa nýjar leiðir í Stardal verið afar sjaldgæfur atburður, en í maí átti það sér þó stað þegar Sigurður Ýmir klifraði nýja leið milli Lúsífers og 7-up í Miðvesturhamri. Þar sem nýjir múrboltar uppgötvuðust samdægurs efst í Vesturhamri (sem kom klifurum í töluvert uppnám) þótti borðleggjandi að nefna leiðina **Vargur** 5.7, eftir óþekkta boltavargnum sem gengið hafði lausum hala með borvél um dalinn. Í þokkabót voru þessir boltar með einhverju sem má í besta falli kalla vafasaman frágang. Sigurður Ýmir og Samúel

Þór Hjaltalín héldu því örfáum dögum síðar uppeftir með slípirokk og fjarlægðu hörmungarnar. Ísalp vill benda á að boltun er bönnuð með öllu í Stardal og ættu klifrarar og aðrir sem fara um hamrana að virða það.

Hafnarfjörður – Valur Áki nýtti sumarið vel til að skoða nærumhverfi sitt í Hafnafirði. Hann klifraði tvær nýjar grjótglimuþrautir í Setberginu, **Spiritual Healing** 5B og **Viðnaði í viðnámið** 6C+. Hann var einnig öflugur á nýju svæði á Ásvöllumum og klifraði hann þar 23 nýjar grjótglimuþrautir og skráði samviskusamlega á klifur.is.

Smyrlabúðir – Njóta sífellt meiri vinsælda, sérstaklega á meðal yngri klifrara. Barnafjölskyldur, klifurnámskeið, byrjendur og aðrir forvitnir hafa lagt leið sína í Búðirnar. Elmar Orri Gunnarsson og Hjördís Björnsdóttir hafa komið fyrir boltum í leiðir svæðinu og þetta sumarið bættust þrjár nýjar leiðir í það safn. **Svartholið** 5.10b, **Smækó** 5.8 og **Himbrimi** 5.4. Hér var Valur Áki einnig

var endurboltað þetta sumarið, ber þar helst að nefna Hnappavelli, Valshamar og gleymdu leiðirnar í Hnefa. Nýjar boltaðar leiðir litu dagsins ljós í Norðurfirði og Búahömrum. Stardalur, Hnappavellir og Fallastakkanöf fengu nýjar dótaklifurleiðir og grjótgliman var stunduð í Viðey, á Ásvöllum, við Fjallsárlón og víðar. Allt í allt var sumarið eins og best verður á kosið og við vonum að það verði vel innan við 40 ár í að Íslendingar fái að njóta annars eins sumars. Mikil skráning var á klifur.is. Fjöldi leiða þar fór úr kringum 900 og yfir 1500. Hér var að stórum hluta um að ræða eldri grjótglimuleiðir í Vestrahorni, Akranesi, Geldinganesi og Kverkfjöllum sem höfðu ekki áður verið skráðar. Nú eru þessar upplýsingar aðgengilegar á veraldarvefnum ásamt viðbótum á svæðum á borð við Stifamt, Leirvogsgil, Arnarhól, Hnefa og Arnarneshamar. Nýr leiðarvísir fyrir Búahamra var gefinn út og er hann að finna frammar í blaðinu.



Magnús Ólafur býr sig undir fyrstu spönn Stefnisins í Fallastakkanöf. Ljósmynd: Sigurður Ýmir Richter.

með dýnuna á lofti og klifraði hann þrjár nýjar grjótglimuþrautir á svæðinu. Hann gaf þeim nöfnin **Beno Kongo og fjölskylda hans** 5A+, **Risque** 5B og **Kolsýrð mjólk** 5C.

Búahamrar – Nýr leiðarvísir var gefinn út á netinu í byrjun sumars fyrir Búahamra og má nú finna hann prentaðan í þessu riti. Leiðarvísinum er skipt í sumar- og vetrarhluta og inniheldur hann um 70 leiðir í það heila. Nýtt svæði hefur tekið á sig mynd í niðurgöngugilinu við Svarta turninn. Svæðið hefur fengið nafnið Kuldaboli og eru þar 6 leiðir eins og er. Síðasta sumar settu Kári Brynjarsson og Jónas Grétar upp leiðina **Kuldaboli** 5.7 og Rob Askew setti upp leiðina **Eltu hvítu kanínuna** 5.10a. Miklir möguleikar á fleiri löngum sport- og fjölspannaklifurlínum eru fyrir hendi í og við Kuldabola og er bergið þar hið þokkalegasta. Eins og á öllum öðrum svæðum í Búahömrum er þó algjör skylda að vera með hjálm þegar haldið er þangað að klifra.

Magnús Ólafur lét ekki klifurfélagaleysi á köflum stoppa sig í sumar og lét því reyna á svokallaðan rope-solo stíl, það er að einfara klifurleiðir og samtímis tryggja eigið öryggi, og klifraði hann þannig **Svarta Turninn** ásamt vel völdum sport- og dótaklifurleiðum á Hnappavöllum.

Valshamar – Engar nýjar leiðir voru klifraðar í Valshamri þetta árið, enda leiðirnar þar vel þéttar og lítið svigrúm fyrir nýjar leiðir. Jón Viðar og Elmar Orri voru iðnir við að skipta út gömlu og ryðguðu dóti og seta nýtt og öruggt í staðinn. Í einni af þessum ferðum rakst Jón á undarlegan gjörning efst í hamrinum. Einhver hafði leikið lausum hala með borvél, 12mm bolta og augu þannig að úr varð eitthvað sem ekki er sómi af fyrir klifursamfélagið. Jón Viðar fjarlægði augun og væntanlega verður farið með slípirokk á boltana sem fyrst þegar vorar. Ísalp vill aftur benda á að aðgengi klifurs á mörgum stöðum er háð umgengni og atburðir sem þessi setja slíkt í hættu. Þössum okkur öll að allt sé eins og það á að vera.

Hnefi – Yst í Hvalfirði er gamalt sportklifursvæði sem hefur fallið í gleymsku síðasta áratuginn eða tvo. Leiðirnar eru flestar í erfiðari kantinum og langt var á milli bolta sem voru ýmist heimasmiðaðir, úr áli eða bara gamlir og grunsamlegir. Jónas Grétar og Robert Askew byrjuðu á því að endurbolta svæðið undir lok sumars og er það verkefni ríflega hálfnað. Stefnt er á að klára endurboltunina með vorinu eða í byrjun sumars. Nú eru leiðirnar **Nafnlaus leiðin** 5.9, **Kattaregginn** 5.10+ og **Verkur** 5.10/11 fullboltaðar og bilin á milli boltana hafa verið lagfærð til þess að klifurum eigi að líða vel þegar klifrað er. Einnig er búið að koma auga á nokkrar nýjar línur í léttari kantinum sem eiga vonandi eftir að auka vinsældir svæðisins til muna. Gömlu leiðirnar eru mjög skemmtilegar, bergið er mjög gott og ekkert því til fyrirstöðu að leggja leið sína inn í Hvalfjörð að prófa.

Akranes – Leiðirnar í Akrafjalli verða sífellt vinsælli og leggja margir leið sína í kvöldsólina á Skaganum frekar en Valshamar. Ekki virðist spilla fyrir að þar er einnig frábær sjósunds heitapotpur í fjörugrjótinu sem gott er að stinga sér í eftir gott klifur. Í Akrafjallinu náði Sýlvía að leiða **Lýsisperluna** 5.9 yngst allra. Nýtt grjótglimusvæði var tekið í notkun á Elínarhöfða. Hér voru feðginin Sýlvía Þórðardóttir og Þórður Sævarsson á ferðinni. Þau klifruðu 9 nýjar leiðir frá 5C og upp í 7A og gáfu þeim öllum nöfn sem vísa í Hringadróttinsögu.

Glymsgil – Vegna mikillar vindspár fyrir jólaklifrið sem átti að fara fram í Múlafjalli var ákveðið að færa það yfir í Glymsgil. Gunnar Ingi og Illugi Örvar komu auga á áhugavert gíl fullt af ís rétt framan við Glymsgilið sjálf. Gilið heitir Stóragil og er stuttlega minnst á það í inngangi að leiðarvísunum fyrir svæðið. Þeir félagar klifruðu tveggja spanna leiðina **Stigvaxandi** WI3 og skildu eftir mjög bratt kerti þar fyrir ofan ef einhver er áhugasamur.

Viðey – Eyjan í sundinu hefur alltaf verið flokkuð sem óhæf til klifurs vegna þess að stór hluti hennar er úr móbergi og rest er úr smástuðluðu basalti sem myndar mjög lágt klettabelti. Það kom því á óvart þegar teymi tók Viðeyjarferjuna til að fara í könnunarleiðangur og kom til baka með þær fregnir að þar mætti finna ágætis grjótglimu niðri í fjöru. Nú hafa verið klifraðar á milli 10 og 15 leiðir og er litill leiðarvísir væntanlegur frá Adrian Markowski og Sajju Justinu. Eina leiðin sem skráð er í augnablikinu er **Holy brothers** 8A, frumfarin af Adrian.

VESTURLAND

Grundarfoss – Fyrsta dag ísklifurfestivalisins létu Franco Laudanna og Matteo Meucci vaða í óklifraða línu á móti Grundarfossi. Leiðin er vestan megin í hvíltinni og myndast oft í miklum úða frá fossinum, sem myndar oft frumskóg blómkálshausa til að krækja sig í gegnum. Þeir félagar nefndu leiðina **Óskilamunir** WI5+/6-. Leiðin er víst alveg löðrött

í 15m og fer yfir í yfirhang til að komast út úr því. Á sama tíma var för Sigurðar Ýmis og Guðmundar Ísaks heitið í Grundarfossinn sjálfan. Klifruðu þeir mögulega óklifraða útgáfu af fossinum, en sú er um tuttugu metra hægra megin við upprunalegu leiðina og er líklega um 80 metra WI4+. Leiðin fékk nafnið **Brattasti þristur landsins**, þar sem leiðin virtist úr fjarlægð stutt og löðurmannleg en skilaði klifurum lurkum lömdum á toppinn.

Búlandshöfði – Gamlar torræðar lýs-ingar mátti finna í gömlu ársiti Ísalp, myndalausar með öllu að sjálfsgöðu. Með talsverðum þælingum tókst að tengja gömlu upplýsingarnar saman við nýjar myndir og eru upplýsingar um þessar leiðir nú skýrar og aðgengilegar á heimasíðu klúbsins. Ein ný leið var farin rétt austan við höfðann. Á meðan frumferðar-teymið klifraði leiðina kom í ljós að þau voru þar í óþökk landeiganda. Leiðin fékk nafnið **Almannaréttur** WI3+, klifruð af Bergi Einarssyni, Daniel Ben-Yehoshua og Sydney Gunnarsson.

Baugsmúli – Eftir að tvö teymi höfðu lokið sér af í Búlandshöfða var stefnan sett á ófarnar línur rétt utan við Ólafsvík. Ágúst Þór Gunnlaugsson, Bergur Einarsson, Daniel Ben-Yehoshua og Sydney Gunnarsson klifruðu þar leiðina **Fossari** WI3 og Brynjar Tómasson og Jónas Grétar klifruðu leiðina **Say it, don't spray it** WI4.

VESTFIRÐIR

Hnífsdalur – Björgvin Hilmarsson og Heiða Jónsdóttir eru nú bæði búsett á Ísafirði og eru komin á flug við það að leita að nýjum möguleikum á ísklifurleiðum ásamt því að reyna að skrásetja betur þann fjölda sem hefur verið klifraður þar. Í lok nóvember fóru þau nýja leið í Bakkahvilti í Hnífsdal. Leiðin er hluti af tvíburaleið en það er opið verkefni að klifra seinni tvíburann. Fyrri tvíburinn heitir nú **Purrruk** WI 3+/4 en planið er að sá seinni muni heita Pillnikk.

Norðurfjörður – Eftir afar slápt og blautt sumar 2018 þar sem lítið gerðist í Norðurfirði var tilvalið að nýta frábæra sumarið 2019 til að klifra og setja upp nýjar leiðir. Um Verslunarmannahelgina fóru nokkrir bílar að skoða hvað fjörðurinn hefði upp á að bjóða. Þessa helgi varð Ólafur Páll fyrstur til að klifra leiðina **Grjótkast** 5.10a, sem var sett upp 2017 af Friðfinni Gísla og Jón Heiðari. Jónas Grétar kláraði að bolta og frumfór **Tyrkjaránið** 5.11a og **Baskavígin** 5.9, Daniel Ben-Yehoshua kláraði leið sem hann hafði byrjað á árið 2017 og nefndi hana **Þorskastríðið** 5.9. Þessa sömu helgi voru tvær glæpnýjar leiðir hreinsaðar, boltaðar og frumfarnar. Fyrri leiðin var smíðuð af Catherine Rachael Gallagher og Robert Alexander Askew og nefnd **Dalalæða** 5.8 og sú seinni var smíðuð af Jónasi Grétari og Ólafi Pál og nefnd **Strengjafræði** 5.7. Allar þessar leiðir eru staðsettar á Sögu-svæðinu nema Strengjafræði, hún er á Tækni- og vísindasvæðinu. Önnur ferð var farin í lok ágúst. Þá settu Bjarnheiður Kristinsdóttir og Jónas Grétar upp leiðina **Sildarárin** 5.8 og Ólafur Páll lagði grunn að þremur stuttum leiðum sem hefjast uppi á stórrí syllu á Tækni- og vísindasvæðinu. Nú eru ríflega 20 fullbúnar sportklifurleiðir í Norðurfirði, allar lengri en íslenskir sportklifrarar eiga að venjast.

NORÐURLAND

Munkaþverá – Mikil gróska er í klifri á Akureyri og stendur yfir vinna við að koma

upp klifurveggjum í húsi Kraftlyftingafélags Akureyrar. Friðfinnur Gísli boltaði sér verkefni undir brúnni í Munkaþverárgili fyrir nokkru síðan og náði hann í lok apríl að klifra leiðina. Leiðin fékk nafnið **Þverárbardagi** 5.12d og er því erfiðasta leiðin á svæðinu og næstefiðasta leið Norðurlands. Magnús Arturo og Bryndís Elva voru á svipuðum tíma með borvélina á lofti og settu þau upp leiðina **Ljósbrót** 5.6 yst í gílinu. Seinna um sumarið var önnur leið boltuð á sömu slóðum. Sú leið fékk nafnið **Súlur Power** 5.10b, sett upp af Friðfinni, Magnúsi og Victoriu Buschman. Þórður Sævarsson lagði leið sína norður þetta sumar og náði að klifra **Brjálaði** 5.12c/d, sem er mjög sjaldklifruð. Dóttir Þórðs, hún Sýlvía var með í för og náði hún að leiða **Undir brúnni** 5.9 og **Bláu ullina** 5.9, sennilega yngst allra.

AUSTURLAND

Hróarstunga – Valur Áki var á ferð um Austurland í ágúst og kom hann við á grjótglimusvæðinu í Hróarstungu. Hann frumfór þar þrjár nýjar þrautir og nefndi þær **Carolus Rex** 6B, **South of Heaven** 6C+ og **North of Hell** 6A+. Þessar leiðir tvöfölduðu fjölda skráðra leiða og telur nú svæðið heilar sex leiðir. Bergið virðist vera hið besta og möguleikar eru á fleiri leiðum ef einhver á leið um Austurland eða Langanes.

Vilhjálmsvöllur – Í sömu ferð og Valur fór nýjar leiðir í Hróarstungu þá kom hann einnig við á Vilhjálmsvelli inni á Egilstöðum. Þar frumfór hann tvær nýjar leiðir **The Razor's Edge** 6B+ og **Draumfangari** auk þess sem hann skræði átta framtíðarverkefni (project) sem hljóta að verða klifruð næst þegar hann á leið þarna um.

SUÐAUSTURLAND

Suðursveit – Bergur Ingi og Jónas Grétar keyrðu austur í lok janúar til að skoða möguleika á nýjum leiðum eftir allt frostið. Rory Harrison slóst í för með þeim og þeir kíktu á Hangandi foss í Viðborðsfjalli. Þar frumfóru þeir leiðina **Skýjabólstrar** WI3+ og kíktu svo á verdukt verkefni í næsta gili. Klifurbelti gleymdist hins vegar í nestispásu svo að sú leið verður víst að biða betri tíma. Í janúar voru Einar Rúnar, Óskar Arason og Rory einnig á ferð á svipuðum slóðum. Þeir fóru í Heinabergsfjöll á milli Heinabergsjökuls og Fláajökuls og frumfóru **Bólstaðafoss** WI4.

Í febrúar var Rory enn og aftur á ferð í Suðursveit, ekki kannski skrátið þar sem hann býr þar. Í þetta sinn kíkti hann á leiðir við Smyrlabjörg og Smyrlabjargavirkjun með Flo Ris. Hér frumfóru þeir leiðirnar **Where is my mind** WI4 og **Hydro** WI3 og komu auga á önnur verkefni fyrir næstu vetur. Eftir áralanga bið fékk Fallastakkanöf nýja leið er þeir Magnús Ólafur og Sigurður Ýmir áttu leið þar hjá í maí. Leiðin fylgir að mestu Vinstri Orgelpípum, að því undanskildu að stóra sprungan í annarri spönn er klifruð alla leið. Er leiðin því í raun beint afbrigði af Vinstri Orgelpípum. Leiðin fékk nafnið **Stefnið** og er gráðan líklega 5.10+, en aðalferðileikinn er stóra sprungan sem vikkar úr höndum í mjög vítt „off-width“. Upprunalegu **Orgelpípunar** þurftu ekki að vera lengi útundan því nokkrum vikum seinna átti Sigurður aftur leið um Nöfina. Hann vill meina að sögusagnir um að leiðin sé erfiðasta fimm tíu landsins sé ekki sönn og að gráðan sé á pari við gráður á öðrum dótaklifursvæðum landsins. Við tókum því með sandkorni (eða poka) eins og venjulega. Hvað sem gráðum líður er leiðin vist ein allra skemmtilegasta kletta-klifurleið landsins í glæsilegum hamrinum og er nýjasta viðbótin litlu síðri. Því er full ástæða fyrir klifrara að leggja oftar leið sína í Nöfina. Í desember röltu hjónin Magnús Bjarki og Stephanie E.M. inn í Veðurárdal í Fellsfjöllum, við austurrönd Breiðamerkurjökuls. Þar fundu þau leið sem vísar í norður og hafði náð að byggjast upp í skugga. Leiðina fóru þau í þremur stuttum spönnum og nefndu **Björn bóndi** WI3 eftir bóndanum á Gerði í Suðursveit. Grjótglima við Fjallsarlón er sífellt að verða vinsælli en þrátt fyrir það eru aðgengilegar upplýsingar um svæðið takmarkaðar. Vonandi sjáum við bót á því á næstu misserum. Síðastliðið sumar klifraði Valdimar Björnsson leiðina **Sólarlaut** 7C og að klifra sitjandi byrjun á leiðinni **Breiðamerkurperlan** 7C+.

Örafajökull – Eugene Gilburn, Devidas Matkevicius og Mike Reid gengu upp að Vestari Hnapp á öskjubrún Örafajökuls. Þar klifruðu þeir leiðina **Gnar for breakfast** AD+ WI3, um 100m leið við hliðina á leiðinni **Einhyrningar**.

Stigárdalur – Þegar tók að frjósa í janúar sáust ísklifurmiðaðir Örafingar á kreiki í Stigárdal. Stigárdalur hefur ekki verið mikið nýttur til klifurs síðan 2000 ef undanskilin er leiðin Íshellirinn sem var fumfarin í fyrra og To be Continued... frá 2011. Í Stigárdal eru greinilega

Scott Cosmos
Léttir og þægilegir fjallaskiðaskór / **65.900 kr**

MARKIÐ
www.markid.is | 517 4600

mörg óklifruð verkefni því að þennan veturinn bættust við sex nýjar leiðir ofan á þær þrettán sem áður höfðu verið klifraðar. Í lokjanúarfóru Einar Rúnar og Magnús Bjarki upp í dalinn og klifruðu **Leitið eigi langt yfir skammt** WI4 og **Guide to Heaven** WI3. Í byrjun febrúar fóru Einar Rúnar og Rory Harrison aftur upp í dalinn til að ljúka við verkefnið sem Einar og Magnús höfðu byrjað á. Úr varð leiðin **Heaven** WI 5 sem er beint framhald af Guide to Heaven. Um miðjan febrúar var Einar aftur á ferð í dalnum en í þetta skiptið með Ólaf Þór með sér og luku þeir við gamalt verkefni frá 2011, hina áður nefndu To be Continued..., en fyrir ofan hana er mjög brattur foss. Úr varð leið sem þeir nefndu **Suffering builds character** WI5+. Eina ferðina enn var Einar á ferð í Stigárdal og í þetta skiptið með bæði Ólaf og Rory með sér. Í þessari ferð héldu þeir ofarlega í dalinn. Fyrst klifruðu þeir leiðina **Norska sjöan** WI5 beint á móti Testofunni og síðan klifruðu þeir leiðina **Þrjár rósir** WI 5 alveg upp við jökulinn. Þessi vetur verður að teljast með þeim bestu sem sést hafa í Stigárdal!

Hnappavellir – eru fyrst og fremst sportklifursvæði en þetta árið bættust við fjórar nýjar leiðir á svæðinu og engin þeirra sportklifurleið, heldur ísklifur- og dótaklifurleiðir, tvær af hvoru tagi. Árið fór snemma af stað á Hnappavöllum þegar feðgarnir Einar Rúnar og Matthías Einarsson frumfóru leiðina **Ísöld** WI3+ í Þorgeirsrétt. Leiðin er staðsett mitt á milli Léttólshryggs og Plútó. Mánuði síðar voru feðgarnir aftur á ferð og voru þeir nú við Yrpugil hjá Fagurhólsmýri. Þar frumfóru þeir leiðina **Dalafoss** WI4. Í ágúst fóru Sigurður Ýmir og Ólafur Þór að skoða dótaklifurmöguleika í Skjóli. Á veggnum þar sem finna má leiðina Nýheimar fundu þeir dótaklifurleiðina **Lukkuláki** 5.6. Nokkrum dögum síðar var Sigurður Ýmir aftur á ferð í Skjóli. Í þetta skiptið frumför hann leiðina **Drykkjuhrútar þurfa hirði** 5.8 sem fylgir sprungu upp á klettinn Drang, um það bil 100m vestan við Nýheima. Eitthvað var um afrek á Völlunum þetta sumarið. Björn Baldursson náði að klára **Föðurlandið** 5.13c og varð þar með elsti maðurinn til að komast þar upp. Kjartan Jónsson klifraði **Þýþagoras** 5.13a/b í þriðju tilraun og **Fred Flintstone** 5.12b í annari tilraun. Þórður Sævarsson klifraði **Sirkús** 5.12c og dóttir hans Sýlvía varð yngsta manneskjan (12 ára) til að klifra **Janus** 5.10a. Birgir Birgisson klifraði **Fæddur fyrir frelsið** 5.12c í annari tilraun og **Leikið á alls oddi -afbrygði** 5.12b. Jón Viðar hefur séð um að halda leiðum

á Hnappavöllum öruggum síðustu ár ásamt því að hafa skrifað leiðarvísinn fyrir svæðið. Í sumarið skipti Jón út hátt í 30 akkerum. Gömlu akkerin voru annað hvort ryðguð og hættuleg eða laus en í mörgum tilfellum voru akkeri uppfærð úr venjulegu hringakkeri yfir í akkeri með karabínu. Jón boðaði til Hnappavallahátíðar í lok september þar sem hann, Unnur Svavarsdóttir og Stefán Smári sigu í leiðir og lagfærðu það sem laga þurfti.

Skaftafell – Í austanverðum hliðum Skaftafellsheiðar koma margar íslínur niður og eru þær flestar með auðveldu og þægilegu aðgengi. Fyrsta línan fyrir ofan jökulinn var hins vegar óklifin samkvæmt bókhaldi og slógu Árni Stefán, Bjartur Týr og Jónas Grétar til og klifruðu hana í byrjun febrúar. Leiðin varð þrjár spannar, aflíðandi neðst og brattari eftir því sem ofar dró. Leiðin fékk nafnið **Risa þristur** WI 4. Nú sjáum við til hvað hún verður lengi staðsett fyrir ofan jökulinn...

Morsárdalur – Í febrúar gengu Bjartur Týr og Rory Harrison alla leið inn í Kjós og upp að fossi sem er áberandi þegar gengið er upp að Þumli eða Miðfellstindum. Þar frumfóru þeir félagar leiðina **Jólatré** WI5. Matteo Meucci var svo á ferð í dalnum í apríl. Þá gekk hann undir vestanverða Kristinartinda á sömu slóðir og finna má leiðirnar Endurfundir og IceHoti. Þar frumför hann nýja leið, **Blunt Points** WI4. Leiðin er 230m af klifri og var einfarin í frumferð.

SUÐURLAND

Þórsmörk – Bjarni Guðmundsson og Sigurður Bjarni kirtu inn í Merkurker í janúar. Þar komu þeir auga á ófarna leið við hliðina á Maníu. Þeir klifruðu leiðina og nefndu hana **Á tæpastu vaði** WI 4.

Fliótslið - Hrafninn flýgur WI3+ er ný leið í Þorsteinslundi, frumfarin af Bjarna Guðmundssyni og Sigurði Bjarna í janúar.

Árnessýrsla – Magnús Bjarki og Stephanie E.M. skoðuðu sig um í Miðdalsgljúfri í febrúar. Þar fundu þau tvær leiðir og klifruðu þær báðar. Í ljós kom að önnur þeirra hafði verið klifin og heitir hún **Prentarinn**, hin var aftur á móti ný og nefndu þau hana **Ástralía** WI3 eftir heimalandi Stephanie.

ÚTLÖND

Ekvador – Elín Lóa Baldursóttir fór upp á **Cotopaxi** 5.879m, hæsta virka eldfjall í heiminum. Frá skála í 4.800m tók ferðin 10 tíma upp og niður.

Nepal – John Snorri stóð á tindi **Manaslu** í lok september. Manaslu er 8163m hátt og er áttunda hæsta fjall heimsins. Þetta var fjórði 8000m tindur sem John toppar og telst Ísalp til að enginn annar Íslendingur hafi klifið svo oft yfir 8000m. Næsta verkefni John Snorra er að reyna við K2 að vetralagi ásamt Gao Li og Mingma G. Í desember stóð John fyrir fjáröflun og æfingu fyrir verkefnið. Hann ætlaði að ganga 14 sinnum í röð upp að Steini í Esjunni og samsvarar sú hæð nokkurnvegin hæðinni á K2, 8611m. John varð frá að hverfa eftir 8 ferðir vegna þess að hnén voru farin að segja til sín. Við vonum að þetta setji ekki strik í reikninginn í vetur.

Vilborg Arna Gissurardóttir, Erlendur Páls-son og Sigurður Bjarni Sveinsson gengu upp á **Ama Dablam** í nóvember. Fjallið sem er 6812m og er stundum kallað Matterhorn Himalayafjallgarðsins hafði verið á óskalista Erlends í þrjú ár. Frá því fjallið komst á óskalista Erlends og þar til hann kleif það greindist hann með heilaæxli sem þurfti að fjarlægja með skurðaðgerð. Toppnum náði hann samt sléttu ári eftir aðgerðina, geri aðrir betur.

Spánn – Adrian Markowski, Ágústa Gunnarsdóttir, Kristján Þór, Lóa Björnsdóttir, Tómas Ken, Valdimar Björnsson og Veigar Ölnir fóru í lok árs til Katalóníu á Spáni að stunda kalksteins sportklifur í góða veðrinu. Markmið Adrian, Kristjáns og Valdimars er að klifra leið af erfiðleikagráðunni 8c en það erfiðasta sem Íslendingur hefur klifrað hingað til er 8b+. Sem stendur hafa þeir félagar klifrað eina 8a+, tvær 8a, fjórar 7c+, fimm 7c og svo mætti lengi telja.

Elmar Orri og Sigrún Hrólfsdóttir fóru til Alicante að klifra yfir jólin. Hjördís Björnsdóttir flaug svo til þeirra á nýja árinu.

Ítalía – Í september hélt Ísalp áfram góðu samstarfi við alpaklúbbinn í Písa og sendi Elísabetu Atladóttur og Ingunni Ósk í vikulanga klifurferð. Ísalp hélt áfram góðu samstarfi við alpaklúbbinn í Písa og sendi Elísabetu Atladóttur og Ingunni Ósk í vikulanga klifurferð



Bergur Einarsson í fyrstu spönn Túrístaleiðarinnar í Austurárdal. Ljósmynd: Sigurður Ýmir Richter.



Ólafur Þór og Bjartur Týr á toppi Ingimundar á Jónsmessunótt. Ljósmynd: Sigurður Ýmir Richter.

í september. Elísabet Birgisdóttir, Helgi Egilsson, Hilmar Ingimundarson, Lára Björgvinsdóttir, Ottó Ingi og Rúna Thorarensen fóru ásamt börnum að klifra á Sikiley í október. Mest var klifrað í kringum San Vito lo Capo á höfða á norð vestur horni eyjunar. Hópurinn var sammála um að þarna væri á ferðum frá-bært klifur í háklassa kalkstein og að svæðið í heild væri mjög barnvænt og þægilegt.

Bandaríkin – Bjartur Týr og Daniel Saulite fóru í vikuférfar til Red Rocks í Nevada í nóvember. Markmiðið var að klifra sem flestar og lengstar fjölspannaleiðir og tókst það með eindæmum vel hjá þeim félögum. Einnig skrúppu þau Ketill Gunnarsson og Védís Ólafsdóttir til Red Rocks á árinu. Friðrik Már Baldursson fór til Yosemite í Kaliforníu í október. Hann nýtti tíman vel til klifurs og klifraði spannar á m.a. El Capitan og Half Dome.

Austurríki – Bjarnheiður Kristinsdóttir og Anna Friedite kíktu á fjölspanna- og sportklifur í Austurríki.

Frakkland – Þórður Sævarsson og fjölskylda fóru í klifurferð til Fontainebleau.

Alparnir – Í ágúst mánuði héldu Magnús Ólafur og Sigurður Ýmir í þriggja vikna klifurferð til Alpanna þar sem klifrað var í Frakklandi og á Ítalíu. Einblínt var á fjölspanna fríklifur og af leiðum sem klifraðar voru ber helst að nefna **Oceano Irrazionale** (400m, VII) í Val di Mello og **Comici-Dimai** (540m, VII) upp norðurvegg Cima Grande í Dólómítunum, en til að bæta fútti í ferðina lentu þeir í þrumuveðri á toppi þeirrar fyrrnefndu vegna umferðartafa og þrjósku. Í sömu ferð var rambað á fleiri íslensk teymi á sannkölluðu Íslendingafestivali í Chamonix. Fullt af leiðum voru klifraðar og þar á meðal var sett Íslendingamet á Lummunni (Aiguille de L'M, **North-Northeast ridge** D 5b) þegar Árni Stefán, Bjartur Týr, Freyr Ingi, Haukur Már, Jón Heiðar, Róbert Halldórsson, Sveinn Eydal og Viktor Guðnason toppuðu þar allir saman. Í sömu ferð ákváðu Árni, Freyr, Sveinn og Viktor að kíkja á Mt. Blanc fyrst það var þarna og þeir orðnir ágætlega vanir hæðinni. Nokkrum dögum síðar fóru Bjartur, Jón og Róbert ásamt Ásgeiri Má meðal annars upp á Ober Gabelhorn (4063m) og Zinalrothorn (4221m) í ágúst. Róbert býr úti og vinnur við að leiðsegja um klifurleiðir í Ölpunum svo að hann fór upp á helling af tindum. Hann og Jón Heiðar vinna

að því að klára IFMGA vottunina og vantar nú bara herslu muninn á því að þeir klári.

Grænland – Bjartur Týr, Björgvin Hilmarrsson, Elín Lóa, Íris Ólafsdóttir og Jónas Grétar fóru til Kulusuk á austur Grænlandi í júlí. Ferðin var hluti af East Greenland Rock Climbing Project (EGRP) sem vinnur að því að setja upp sportklifurleiðir og grjótglimuþrautir ásamt því að kenna krökkum og ungmennum á svæðinu að klifra. Eitt verkefni sem náðist að klára í ferðinni var fimm spanna leið sem ber nafnið **Kulusuk Hostel 6b**. Teymið kláraði að bolta síðustu 40m af 110m sem voru eftir en áður höfðu Björgvin ásamt Jóni Gauta, Leifi Erni og Ólafi Júlíussyni hreinsað og boltað fyrstu þrjár spannar. Veglegur leiðarvísir

um svæðið er í smíðum og verður kominn út fyrir næsta sumar, í það minnsta í vefútgáfu. Í ágúst fór fjallahópur björgunarsveitarinnar Ársæls í gönguferð um Ammassalik eyju, þau eyddu nokkrum dögum í Kulusuk og prófuðu eitthvað af leiðunum sem þar hafa verið settar upp. Einar Torfi Finnsson, sem fékk nafnbótina IPGA guide á árinu, gekk yfir Grænlandsjökul í fjórða sinn þó styttra væri farið en venjulega því þyrla flutti hann og þann sem hann leiðsagði þegar þeir áttu 150 km eftir. Í sömu ferð fóru þeir "nýja" leið upp á jökul, þ.e. ekki er vitað til þess að hún hafi verið farin áður í þessum tilgangi en heyrst hafa sögusagnir af hundasleðakörllum þar á ferð áður. Arnaud de Laveleye og Patrick Lynch voru með í för og kláruðu þeir síðustu 150 km á jökli á 3 dögum.



Sigurður Richter klifrar á Snæfellsnesi.
Ljósmynd: Guðmundur Ísak Markússon.

Við stillum alla bakpoka þannig að þeir passi fullkomlega fyrir þig.

Osprey bakpokar

-eitt mesta úrval landsins!



Farpoint 55L
Heimsreisubakpoki
verð 28.990 kr.



Talon 33L
Físléttur allhliða bakpoki
verð 21.990 kr.



Transporter
dufflar
verð frá
21.990 kr.

Birt með fyrirvara, verðfesti desember 2019

Lifstíðarábyrgð

Stillanlegt bak

Hægt að breyta
hlíðarströppum í
þverfestingar t.d.
fyrir snjóbrúgur

Brjóstól á sleða og
með neyðarflautu

Göngustafa
festing

Hámarks
öndun í baki

Flöskuvasar

Mjadmabelti þrengist
með því að toga beggja
vegna

Vasi á
mjadmabelti

Kestrel 38L
Göngubakpoki
verð 28.990 kr.

Vasi í topploki

Netavasi með
lyklahengju
undir topploki

Með léttustu
bakpokum í heimi

Hægt að opna á
hlíðinni

Netapoki

Twiskiþt hölf

Lykkja fyrir isöxi

Svefnpokaölar

Klifurbakpokar
Leiðsögumannabakpokar
Fjallgöngubakpokar
Krakkabakpokar
Hjólábakpokar
Ferðatöskur
Dufflar ofl.



Skipulagspokar
fyrir ferðatöskuna
3 saman í pakka
verð 5.190 kr.

Aether 70L
Burðarbakpoki
verð 43.990 kr.



Þú finnur allar
okkar vörur
ásamt ítarlegum
upplýsingum á
www.ggsport.is



Fylgstu með okkur á
Facebook og á Instagram

GGSport

Smíðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópavogi · síni: 571 1020 · www.ggsport.is

Í þessari auglýsingu er aðeins brot af því úrvali sem við höfum upp á að bjóða, sjá nánar á ggsport.is